



PROSIGN

Táknmál og hinn samevrópski viðmiðunarrámmi tungumála

Útlistun á almennum viðmiðunarstigum

Lorraine Leeson
Beppie van den Bogaerde
Christian Rathmann
Tobias Haug

EUROPEAN CENTRE FOR
MODERN LANGUAGES

CENTRE EUROPEEN POUR
LES LANGUES VIVANTES

COUNCIL OF EUROPE

CONSEIL DE L'EUROPE

Um skjalið

Markmiðið með PRO-Sign var að koma á fót ákveðnum viðmiðum í færni í táknmáli sem hægt væri að nota á faglegum grundvelli og þá sérstaklega í kennslu táknmáls í táknafræðum og táknafræðistúlkun. Verkefnið var samvinnuverkefni sem stóð yfir árin 2012-2015. Þátttakendur tóku þátt í smíðju og mynduðu tengslanet sem vann við mat, prófun og staðfestingu útlístar CEFR fyrir táknafræðiskennslu, -nám og -mat. Afraksturinn er aðlögun hins samevrópska viðmiðunarramma tungumála (CEFR: Common European Framework of Reference for Languages) að táknafræðum eins og sjá má í þessu skjali.

Dekkt svæði í skjalinu = efra stig færni innan þess stigs, sbr. skiptingu CEFR (2001).

Þetta skjal Miðstöðvar evrópskra nútímamála (ECML: European Centre for Modern Languages) á vegum Evrópuráðsins var útbúið sem hluti af áætlun miðstöðvarinnar 2012-2015 og nefndist *Learning through languages*.

Þær skoðanir sem látnar eru í ljós í þessu skjali eru eingöngu á ábyrgð höfundar þess og endurspeglar ekki endilega opinbera stefnu Evrópuráðsins. Öll réttindi áskilin. Þetta skjal, hvort sem um er að ræða að hluta til eða í heild, má ekki þýða, gefa út eða dreifa á neinu formi eða með neinum hætti, rafrænum (CD-Rom, internet o.fl.) eða vélrænum, að meðtöldri ljósritun, upptökum eða hvers konar geymslu- eða afritunarkerfum, án þess að fá skriflegt leyfi frá stjórnarsviði upplýsingamála (FR-67075 Strasbourg Cedex eða publishing@coe.int).

Council of Europe Publishing
FR-67075 Strasbourg Cedex
<http://book.coe.int>

European Centre for Modern Languages of the Council of Europe
Nikolaiplatz 4
AT-8020 Graz
www.ecml.at

© Evrópuráðið (ECML/CELV), apríl 2016, ensk þýðing

© Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, október 2017, íslensk þýðing



Samskiptamiðstöð
heyrnarlausra og heyrnarskertra

Upprunalega var þetta skjal gefið út á ensku af Evrópuráðinu en hér birtist það með leyfi Evrópuráðsins í íslenski þýðingu Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra. Þýðingin er á ábyrgð Samskiptamiðstöðvar.

Mynd á forsíðu: Converse College CC BY-SA 2.0
<https://www.flickr.com/photos/conversecollege/16981920564/>

Þakkir

Okkur sem vorum í sérfræðingahópi PRO-Sign verkefnisins langar að koma þökkum til alls þess frábæra fólks sem starfar við **Miðstöð evrópskra nútímamála** fyrir ráðgjöf þess, stuðning og hvatningu allan þann tíma sem verkefnið stóð yfir. Okkur langar einnig til að þakka formlega þeim fjölda stofnana og einstaklinga sem unnu með okkur að ýmsum þáttum verkefnisins. Þar á meðal eru:

Ráðgjafi verkefnisins

Hr. Frank Heyworth

Ráðgjafi verkefnishópsins

Próf. David Little, Trinity háskólinn í Dublin, Írlandi

ECML meðlimir og nemendur

Siglinde Pape, ECML

Niamh Martin, ECML

Eva Wachter, ECML

Naomi Sheneman, doktorsnemi - Gallaudet háskólinn, Washington D.C.

Wendy Murray Jnr., táknmálfræðinemi - Trinity háskólinn í Dublin, Írlandi

Samstarfsaðilar

Evrópusamband heyrnarlausra (EUD)

Evrópusamband táknmálstúlka (EFSLI)

Eftirlitsstofnun menntamála, Frakklandi. Fulltrúi: Mireille Golaszewski

Charles háskóli, Tékklandi

Háskólinn í Lille 3, Frakklandi

Háskólinn í Vín, Austurríki

Háskólinn í Jyväskylä, Finnlandi

Háskólinn í Leuven, Heimspekideild, Campus Antwerp, Belgíu

Rannsókn- og upplýsingahópur um ítalskt táknmál (SILIS), Ítalíu

Samvinnufélagi

Málvísindaháskólinn í Moskvu, Rússlandi

Okkur langar einnig til að þakka fyrrgreindum aðilum fyrir ómetanlegt framlag og stuðning við smiðju PRO-Sign árið 2013 og tengslanetið 2015.

Fundir sérfræðingahópsins og tengslanetsins, smiðjur og ráðstefnur PRO-Sign hefðu verið óframkvæmanlegar ef ekki hefði verið fyrir þá frábæru túlka sem við höfðum á okkar snærum og túlkuðu á milli ensku, ASL og alþjóðlegrar tákunnar (IS). Við þökkum Lissa Zeviar, Oliver Pouliot og Gerdinand Wagenaar fyrir þeirra framlag.

Skjölín okkar voru þýdd yfir á alþjóðlega tákun af frábærum þýðendum: Stefan Goldschmidt og Chris Peters.

Alla í hópnum langar að þakka þeim stofnunum og háskólum sem við störfum hjá fyrir stuðninginn þann tíma sem þessi nýstárlega tilraun átti sér stað.

Lorraine Leeson *Trinity háskólinn í Dublin, Írlandi*

Beppie van den Bogaerde *Háskólinn í hagnýtum vísindum, Utrecht (HU), Hollandi*

Christian Rathmann *IDGS, Háskólinn í Hamborg*

Germany Tobias Haug *Háskólinn í hagnýtum vísindum á sviði sérkennslum, Zurich (HfH), Sviss*

Desember 2015

Efnisyfirlit

Um skjalið	0
Pakkir	1
Efnisyfirlit	3
Um skjalið	5
Fyrir hvern er þetta skjal?	5
Hinn samevrópski viðmiðunarrámmi tungumála: Nám, kennsla og mat (CEFR).....	5
Aðferðafræði: Þróun og staðfesting táknaáslýsinga	6
Hvernig er hægt að nota þetta skjal innan landa?	7
Heimildir	7
Almenn viðmiðunarstig: Alhliða mælikvarði fyrir táknaáslýsingar.....	8
PRO-Sign viðmiðunarstig.....	9
Tjáning.....	9
ÁVARPA ÁHORFENDUR	9
VIÐBÆTUR	10
AÐ VAKTA OG LAGA	11
HEILDARFRÁSÖGN.....	12
SKIPULAGNING	13
TILKYNNINGAR	14
EINTAL: Að segja frá reynslu	15
EINTAL: Að færa rök fyrir máli sínu.....	16
Skilningur.....	17
SKILNINGUR ÚR SAL.....	17
SKILNINGUR Á SJÓNÆNUM MIÐLUM.....	18
AÐ ÁTTA SIG Á MERKINGU OG ÁLYKTA	19
HEILDARSKILNINGUR.....	20
SKILNINGUR Á SAMRÆÐUM MILLI MÓÐURMÁLSHAFNA	21
AÐ HORFA Á TILKYNNINGAR OG FYRIRMÆLI.....	22
AÐ HORFA Á SJÓNVARP OG KVIKMYNDIR.....	23
Samskipti.....	24
SAMRÆÐUR	24
ÓFORMLEGAR SAMRÆÐUR (MILLI VINA)	25

AÐ SKIPTAST Á UPPLÝSINGUM	26
AÐ TAKA OG VEITA VIÐTAL	27
HEILDARFÆRNI Í SAMSKIPTUM	28
VIÐSKIPTI MEÐ VÖRUR OG ÞJÓNUSTU	29
SKILNINGUR Í SAMSKIPTUM VIÐ MÓÐURMÁLSHAFNA	30
Samskiptafærni	31
BEDIÐ UM ÚTSKÝRINGU	31
SAMVINNA.....	32
BEDIÐ UM ORÐIÐ.....	33
Úrvinnsla texta	34
ALMENN MÁLVÍSINDALEG EFNI.....	34
NÁKVÆMNI Í MÁLFRÆÐI	35
VALD Á HLJÓÐKERFISFRÆÐI.....	36
FÉLAGSMÁLVÍSINDALEGA VIÐEIGANDI	37
VALD Á TÁKNAFORÐA	38
TÁKNAFORÐI.....	39
Pekking á málnotkun	40
SVEIGJANLEIKI.....	40
FRÁSAGNIR.....	41
Uppbygging söguþráðar	42
SAMHENGI OG SAMLOÐUN	42
Eigindlegir þættir	43
NÁKVÆMNI FULLYRÐINGA	43
FLÆÐI TÁKNUNAR	44
Hugtakaskýringar	45
Almenn hugtök CEFR	45
Hugtök sem tengjast mati	50
Hugtök sem tengjast táknmálum sérstaklega.....	52

Um skjalið

Markmið Miðstöðvar evrópskra nútímamála (ECML) með PRO-Sign verkefninu var að koma á fót evrópskum viðmiðum í færni í táknmáli sem hægt væri að nota á faglegum grundvelli, og þá sérstaklega í sambandi við kennslu táknmáls í táknmálsfræði og táknmálstúlkun (sjá einnig Leeson and Calle 2013, Leeson and Bowen 2013). Verkefnið var samvinnuverkefni sem stóð yfir árin 2012-2015. Þátttakendur tóku þátt í smiðju og mynduðu tengslanet sem vann við mat, prófun og staðfestingu útlistunar CEFR fyrir táknmálskennslu, -nám og -mat. Afraksturinn er lýsing á táknmáli, aðlöguð hinum samevrópska viðmiðunarramma tungumála (CEFR: Common European Framework of Reference for Languages), eins og sjá má í þessu skjali.

Í nokkrum Evrópulöndum hafði verið unnið að því að aðlaga CEFR að táknmálum og byggði ECML á þeirri grunnvinnu í verkefninu *Táknmál á faglegum grunni* (PRO-Sign: Signed languages for professional purposes), en þar eru í fyrsta sinn skilgreind færnistig í táknmálum og þar með settir upp staðlar sem hægt er að nota í kennslu á táknmálum á háskólastigi í Evrópu og víðar.

Þetta skjal er hluti af vefsíðu verkefnisins og þar má finna allar upplýsingar:

www.ecml.at/prosign

Fyrir hvern er þetta skjal?

Kennarar, leiðbeinendur kennaranema og þeir sem vinna að námskrárgerð fyrir táknmál á háskólastigi ættu að geta notað vefsíðuna og þetta skjal til viðmiðunar í vinnu sinni. Skjalið ætti einnig að geta nýst alþjóðlegum félagasamtökum eins og Evrópusambandi heyrnarlausra (EUD: European Union of the Deaf), Alþjóðasambandi heyrnarlausra (WFD: World Federation of the Deaf), Evrópusambandi táknmálstúlka (EFSLI: European Forum of Sign Language Interpreters) og öðrum viðeigandi samtökum.

Hinn samevrópski viðmiðunarramma tungumála (CEFR): Nám, kennsla og mat

Evrópuráðið gaf CEFR út árið 2001 og er ramminn notaður til viðmiðunar í mörgum Evrópulöndum við kennslu annars máls og erlendra mála og mati á þeim.

„Hinn samevrópski viðmiðunarramma tungumála gefur sameiginlegan grunn fyrir útfærslu á námsefni, kennsluáætlunum, leiðbeiningum við námskrárgerð, próf, kennslubækur o.s.frv. fyrir alla Evrópu. Hann er alhliða útlistun á því hvað málanemendur þurfa að læra til að geta notað mál til samskipta og hvaða þekkingu og færni þeir þurfa að þróa til að geta brugðist við á áhrifaríkan hátt. Lýsingin nær einnig yfir hvernig mál eru í menningarlegu samhengi. Ramminn skilgreinir einnig mismunandi færnistig sem gerir kleift að meta nemendur á hverju námsþrepi og til lengri tíma. Samevrópska viðmiðunarramma fyrir tungumál er ætlað að sigrast á samskiptaörðugleikum“ (CoE 2001:1).

Þetta skjal setur fram lýsingu á getu einstaklings með tilliti til skilnings, samskipta og tjáningar, allt frá stigi A1 og upp í stig C2. Eins og í öðrum CEFR skjölum eru ekki endilega lýsingar á öllum undirflokkum á hverju stigi fyrir sig, þar sem sum atriði er ekki hægt að læra fyrir en ákveðinni færni hefur verið náð og önnur atriði hætta að vera hindrun þegar meiri færni er náð.

Nánari upplýsingar um hvert hæfnisstig og mælikvarða CEFR má sjá í útgáfu Evrópuráðsins (2001)¹.

Við biðjum notendur að nota skilgreiningar mælikvarðanna og lýsingarnar á þeim með gagnrýnu hugarfari. *Alhliða mælikvarði fyrir táknmál - Almenn viðmiðunarstig* er einföld og heildræn framsetning á efninu, en gæti í sumum tilgangi ekki nýst sem skyldi. Ramminn þarf aðlögun eftir því í hvaða samhengi hann er notaður hverju sinni. Lýsingarnar sem settar eru fram í PRO-Sign tengjast viðeigandi aðstæðum sem táknmálsnotendur taka þátt í.

Þetta skjal er til á alþjóðlegri táknun (IS) á vefsíðu okkar, auk þess er þar að finna dæmi um mat í samræmi við CEFR.

Aðferðafræði: Þróun og staðfesting táknmálslýsinga

Við þróun á lýsingunum fyrir táknmál var stuðst við eftirfarandi:

- Samevrópskur tungumálarammi fyrir tungumál (Common European Framework of Reference) (Council of Europe, 2001)
- Námskrá fyrir írskt táknmál aðlöguð að CEFR (Leeson & Byrne- Dunne, 2009; Leeson & Grehan, 2009)
- Aðlögun CEFR fyrir þýskt táknmál (Rathmann et al., 2012)
- Aðlögun CEFR fyrir hollenskt táknmál (ATERK NGT, 2013)

Það reyndist nokkuð flókið að tryggja að lýsingarnar væru nothæfar til að lýsa stigvaxandi ferli sjón- og táknræns miðlunarháttar, fyrir tungumál sem hafa ekki ritmál. Sumum lýsingunum sem fyrir voru í CEFR þurfti einungis að breyta að litlu leyti til að orðalag hæfði lýsingu á táknmálum, en sumum þurfti að gjörbreyta til að þær næðu yfir það sem viðkemur miðlunarhætti táknmála. Fyrir utan þær heimildir sem eru nefndar hér að ofan þá höfðu rannsóknir á málvísindum og máltöku táknmáls sem annars máls óbeint áhrif á þróun lýsinganna.

Í mars 2015 var haldinn fundur fyrir tengslanet PRO-Sign í Graz í Austurríki, þar sem saman komu 16 heyrnarlausir og heyrandi sérfræðingar úr allri Evrópu. Fyrir fundinn höfðu þátttakendur fengið sendar lýsingarnar á ensku og alþjóðlegri táknun. Á fundinum voru lýsingarnar sýndar á alþjóðlegri táknun og þátttakendur gerðu athugasemdir út frá því hversu skiljanlegar lýsingar á hverju færnistigi voru, þ.e. lýsingarnar voru bætтар enn frekar. Frekari athugasemdum við lýsingarnar var safnað frá táknmálskennurum sem voru ekki á fyrrnefndum fundi. Allar athugasemdirnar voru notaðar sem grunnur fyrir lokaútgáfu lýsinga á færnistigum fyrir táknmál. Staðfesting lýsinganna er hins vegar eingöngu möguleg eftir að þær hafa verið aðlagðar á hverju málsvæði fyrir sig, eins og raunin er t.d. með námskrár sem aðlagðar hafa verið CEFR í þýsku og írsku táknmáli.

¹ https://www.coe.int/t/dg4/linguistic/source/framework_en.pdf

Hvernig er hægt að nota þetta skjal innan landa?

CEFR hefur reynst mjög vel til að ná tökum á kennslu á erlendum málum, þótt viðmiðunarramminn hafi í upphafi einungis verið hannaður með raddmál í huga.

Í flestum löndum Evrópu er kennsla táknmála enn á frumstigi. Enn hefur málfræði margra táknmála ekki verið lýst að fullu og túlkaþjálfun í álfunni er á mjög ólíku stigi (sjá De Wit, 2012). Með þetta í huga er hægt að sjá fyrir sér margþætta notkun þessa skjals. Í táknmálskennslu mætti nota það sem grunn fyrir kennara til að meta færni nemenda sinna. Það getur stutt nemendur í að ná færni. Hins vegar í tengslum við túlkanám, þar sem um mislangt nám er að ræða og mismikil áhersla er lögð á sjálft málanámið, mætti nota CEFR allt frá því að vera einfaldlega til viðmiðunar og yfir í að vera fastan ramma fyrir alla kennslu táknmála.

Þar sem kennsla táknmála er ólík um alla Evrópu, þarf að fara fram mikil vinna innan hvers lands fyrir sig, fyrir táknmál hverrar þjóðar til að CEFR nýtist sem best. Við vonum að þessi skjöl – á ensku, íslensku og alþjóðlegri táknun – komi að notum við þá vinnu.

Heimildir

- ATERK NGT. (2013). Het Europees Referentiekader voor Talen: Gebarentalen. Handrit aðgengilegt á:
[http://www.ecml.at/Portals/1/ProSign/ERK_voor_gebarentaal_2013%20\[CEFR%20for%20sign%20anguage\]%20in%20Dutch.PDF](http://www.ecml.at/Portals/1/ProSign/ERK_voor_gebarentaal_2013%20[CEFR%20for%20sign%20anguage]%20in%20Dutch.PDF)
- De Wit, M. (2012). A Comprehensive Guide to Sign Language Interpreting in Europe. Rafbók.
- Leeson, L. and Bowen, S. (2013). Assessment Guidelines for Sign Language Interpreting Training Programmes. Brussel: European Forum of Sign Language Interpreters.
- Leeson, L. and Calle, L. (2013). Learning outcomes for graduates of a three year sign language training programme. Brussel: European Forum of Sign Language Interpreters.
- Leeson, L. & Byrne-Dunne, D. (2009). *Applying the Common European Reference Framework to the Teaching, Learning and Assessment of Signed Languages (D-sign)*. Afurð Evrópusambandsverkefnisins D-Sign.
- Leeson, L., & Grehan, C. (2009). A Common European Framework for Sign Language Curricula? D-Sign(ing) a curriculum aligned to the Common European Framework of Reference. Í M. Mertzani Ritstj.), *Sign Language Teaching and Learning - Papers from the 1st Symposium in Applied Sign Linguistics* (Vol. 1, bls. 21–33). Bristol: Centre for Deaf Studies, University of Bristol.
- Rathmann, C., Kollien, S. et al (2012). GERs: Arbeitspapier. Háskólinn í Hamborg.

Almenn viðmiðunarstig: Alhliða mælikvarði fyrir táknmál

Fær notandi	C2	Getur auðveldlega skilið því sem næst allan táknaðan texta. Getur tekið saman upplýsingar frá mismunandi heimildum og endurgert og flutt rökrétta samhangandi frásögn. Getur tjáð sig af sjálfsdáðum, reiprennandi og af nákvæmni og um leið aðskilið mismunandi blæbrigði merkingar, jafnvel við flóknar kringumstæður.
	C1	Getur skilið krefjandi, langan texta um ýmis málefni og náð merkingu sem einungis er gefin í skyn. Getur tjáð sig af sjálfsdáðum og reiprennandi án þess að þurfa að leita að orðalagi. Getur notað mál á áhrifaríkan og fjölbreyttan máta bæði félagslega, fræðilega og faglega. Getur búið til skýran, vel uppbyggðan og nákvæman texta um flókin málefni, sem sýnir að viðkomandi hefur vald á skipulagningu texta, tengingum og samloðunartækni.
Sjálfstæður notandi	B2	Getur skilið aðalatriðin í flóknum texta, jafnt um hlutlæg sem huglæg málefni, þ.á.m. faglegar umræður innan eigin sérfræðisviðs. Getur átt frumkvæði að og tekið þátt í nokkuð reiprennandi gagnkvæmum samskiptum við móðurmálshafa á þann hátt að þau ganga fyrir sig án vandkvæða. Getur búið til skýran og nákvæman texta um ýmis málefni og getur gert grein fyrir skoðunum á málefni með því að gefa rök með og á móti mismunandi valkostum.
	B1	Getur skilið aðalatriðin þegar skýrt hefðbundið mál (hvað táknmál varðar getur það verið svæðisbundið mál) er notað um kunnugleg málefni í almennri umræðu í vinnu, skóla, tómstundum o.þ.h. Getur tekist á við flestar þær aðstæður þar sem líklegt er að táknmál sé notað. Getur búið til einfaldan samhangandi texta um málefni sem eru viðkomandi kunnug eða innan áhugasviðs hans. Getur sagt frá reynslu og atburðum, draumum, vonum og væntingum og í stuttu máli rökstutt og útskýrt skoðanir og áætlanir.
Grunn notandi	A2	Getur skilið setningar og algengar yrðingar um sitt nánasta umhverfi (t.d. einfaldar upplýsingar um fjölskyldu og einkalíf, verslanir, vinnu og nánasta umhverfi). Getur átt samskipti í tengslum við einföld hefðbundin verkefni og skipst á upplýsingum um kunnugleg hefðbundin atriði. Getur á einfaldan hátt sagt frá eigin bakgrunni, nánasta umhverfi og helstu þörfum.
	A1	Getur skilið og notað hversdagslegar setningar og mjög einfalda frasa sem fullnægja hlutlægum grunnþörfum. Getur kynnt sig og aðra og spurt og svarað spurningum um persónuleg atriði eins og búsetu, fólk sem viðkomandi þekkir og hluti sem hann á. Getur átt einföld samskipti ef viðmælandi táknar skýrt og rólega og er reiðubúinn til að aðstoða í samskiptunum.

Tjáning

	ÁVARPA ÁHORFENDUR
C2	<p>Getur flutt flókið efni á öruggan og nákvæman hátt fyrir áhorfendur sem þekkja ekki til efnisins með því að byggja upp efnið og aðlaga það á þann hátt að það henti áhorfendum.</p> <p>Getur tekist á við erfiðar og jafnvel óvinveittar spurningar.</p>
C1	<p>Getur flutt flókið efni á skýran og vel uppbyggðan hátt, útvíkkað og stutt ákveðin sjónarmið í nokkuð löngu máli með því að bæta við aukaatriðum, rökum og viðeigandi dæmum.</p> <p>Getur auðveldlega svarað athugasemdum, án undirbúnings og nánast án vandkvæða.</p>
B2	<p>Getur flutt efni á skýran og vel uppbyggðan hátt, með því að leggja áherslu á ákveðin aðalatriði og viðeigandi aukaatriði þeim til stuðnings.</p> <p>Getur án fyrirvara vikið frá undirbúnum texta og í staðinn rætt um athyglisverð atriði sem áhorfendur benda á og sýnt á stundum mikla færni og áreynslulausa tjáningu.</p> <p>Getur flutt undirbúið efni á skýran hátt, getur gert grein fyrir skoðunum á málefni með því að gefa rök með og á móti mismunandi valkostum.</p> <p>Getur svarað mörgum spurningum reiprennandi, án undirbúnings og vandkvæða fyrir viðkomandi eða áhorfendur.</p>
B1	<p>Getur flutt undirbúið efni sem viðkomandi þekkir vel til á afdráttarlausan hátt nógu skýrt til að áhorfendur geti fylgst vel með mestallan tímann, þar sem aðalatriðin eru útskýrð með nokkurri nákvæmni.</p> <p>Getur svarað spurningum sem á eftir fylgja, en gæti þurft að biðja um endurtekningu á þeim ef táknað var hratt.</p>
A2	<p>Getur flutt stutta og æfða kynningu um efni sem tengist daglegu lífi viðkomandi og í stuttu máli útskýrt og rökstutt álit, áætlanir og gjörðir.</p> <p>Nær að svara nokkrum einföldum spurningum sem á eftir fylgja.</p> <p>Getur flutt stutta og æfða kynningu um efni sem viðkomandi þekkir vel til.</p> <p>Getur svarað einföldum spurningum í kjölfarið ef viðkomandi getur beðið um endurtekningar og ef hann getur fengið aðstoð við að svara.</p>
A1	<p>Getur flutt mjög stutta og æfða yfirlýsingu, t.d. kynnt fyrirlesara eða mælt fyrir skál.</p>

	VIÐBÆTUR
C2	<i>Getur notað staðgengil eða sambærilegt hugtak fyrir tákni sem viðkomandi man ekki, svo auðveldlega að eftir því er varla tekið.</i>
C1	<i>Eins og B2+</i>
B2	<i>Getur umorðað og notað umsnúið orðalag þegar tákni er eða þekking á byggingu málsins dugur ekki til.</i>
B1	<i>Getur lýst útliti hlutar sem viðkomandi man ekki táknið yfir. Getur gefið til kynna merkingu með því að nota tákni sem bera svipaða merkingu (t.d. flutningavagn fyrir fólk = rúta).</i>
	<i>Getur notað einföld tákni sem samheiti yfir hugtök sem viðkomandi vill greina frá og biður jafnframt um „leiðréttingu“.</i>
A2	<i>Býr yfir ófullnægjandi táknaforða til að útskýra mál sitt og notar látbragð til frekari útskýringar.</i>
	<i>Getur staðfest hvað viðkomandi meinar með því að benda á það (t.d. 'ég ætla að fá þetta').</i>
A1	<i>Engin útlistun tiltæk</i>

	AÐ VAKTA OG LAGA
C2	<i>Getur farið til baka í frásögn og endurbyggt mál sitt til að komast hjá erfiðleikum á þann hátt að viðmælandi gerir sér varla grein fyrir því.</i>
C1	<i>Getur farið til baka í frásögn og umorðað það sem viðkomandi vill segja þegar hann gerir sér grein fyrir mistökunum án þess að táknflæðið stöðvist að fullu.</i>
B2	<i>Getur leiðrétt skissur og mistök ef viðkomandi gerir sér grein fyrir þeim eða ef þau hafa leitt af sér misskilning. Getur áttað sig á „uppáhalds“ mistökum sínum og meðvitað notað eitthvað annað í staðinn.</i>
B1	<i>Getur leiðrétt misskilning, ef viðmælandi lætur vita að vandamál hafi komið upp, frá þeim stað eða þeirri yrðingu þar sem misskilningurinn varð.</i>
	<i>Getur beðið um staðfestingu á að rétt form sé notað. Getur byrjað á nýjan hátt ef samskiptin stöðvast.</i>
A2	<i>Engin útlistun tiltæk</i>
A1	<i>Engin útlistun tiltæk</i>

	HEILDARFRÁSÖGN
C2	<i>Getur reiprennandi flutt skýran og vel uppbyggðan (táknadán) texta sem er uppbyggður á rökréttan og áhrifaríkan hátt, þannig að áhorfendur taki eftir aðalatriðum og muni þau.</i>
C1	<i>Getur flutt skýra og nákvæma útskýringu og frásögn um flókin viðfangsefni, tekið þar með aukaatriði, unnið út frá ákveðnum punktum og tekið saman viðeigandi niðurstöðu í lokin. Getur flutt skýra og markvisst uppbyggða útskýringu og frásögn, þar sem viðeigandi aðalatriði eru dregin fram og aukaatriði notuð til stuðnings á viðeigandi hátt.</i>
B2	<i>Getur flutt skýra og nákvæma útskýringu og frásögn um ýmis viðfangsefni sem viðkomandi þekkir vel til, þar sem hugmyndir eru útvíkkaðar og studdar með aukaatriðum og viðeigandi dæmum.</i>
B1	<i>Getur nokkuð reiprennandi haldið uppi einfaldri frásögn þar sem viðfangsefni sem viðkomandi þekkir vel til er útskýrt í eðlilegri röð.</i>
A2	<i>Getur á einfaldan hátt, í nokkrum stuttum frösum og setningum sem eru tengdar saman sagt frá og gefið lýsingu á fólki og aðstæðum þeirra almennt eða í vinnu, daglegum venjum þeirra, því sem þeim líkar við eða líkar ekki o.s.frv.</i>
A1	<i>Getur sagt einfaldar og oftast stakar setningar um fólk og staði.</i>

	SKIPULAGNING
C2	<i>Eins og B2</i>
C1	<i>Eins og B2</i>
B2	<i>Getur skipulagt hvað á að tákna og hvernig, með tilliti til þess hvaða áhrif það hefur á áhorfendur.</i>
B1	<i>Getur æft og prófað nýjar samsetningar og yrðingar og óskað eftir gagnrýni.</i>
	<i>Getur áttað sig á hvernig viðkomandi getur komið því atriði (eða þeim atriðum) sem hann vill til skila með því að nota öll þau úrræði sem standa til boða og getur takmarkað það sem hann segir við það sem hann getur rifjað upp eða ráðið við að segja.</i>
A2	<i>Getur rifjað upp og æft viðeigandi frasa úr táknaforða sínum.</i>
A1	<i>Engin útlistun tiltæk</i>

	TILKYNNINGAR
C2	<i>Engin útlistun tiltæk</i>
C1	<i>Getur flutt tilkynningar reiprennandi og nánast áreynslulaust og notað áherslur og ítónun (látbrigði) til að koma merkingu nákvæmlega til skila.</i>
B2	<i>Getur flutt tilkynningar um flest almenn málefni nokkuð skýrt, reiprennandi og óundirbúið, á þann hátt að áhorfendur skilja þær án nokkurra vandkvæða.</i>
B1	<i>Getur flutt stuttar og æfðar tilkynningar um efni sem tengist hversdagslegum atburðum innan sérsviðs viðkomandi, á þann hátt að þrátt fyrir mögulega framandi áherslur og ítónun (látbrigði) séu tilkynningarnar auðskildar og skýrar.</i>
A2	<i>Getur flutt mjög stuttar og æfðar tilkynningar um fyrirsjáanlegt og þekkt viðfangsefni, á þann hátt að efnið sé skiljanlegt fyrir þá viðmælendur sem eru tilbúnir til að einbeita sér að því.</i>
A1	<i>Engin útlistun tiltæk</i>

	EINTAL: Að segja frá reynslu
C2	<i>Getur sagt frá á skýran, reiprennandi, ítarlegan og oft og tíðum minnisstæðan hátt.</i>
C1	<i>Getur gefið skýrar og nákvæmar lýsingar á flóknum málefnum. Getur sagt frá og lýst á ítarlegan hátt, með því að bæta við aukaatriðum og útvíkka ákveðin sjónarhorn og taka viðeigandi niðurstöðu saman í lokin.</i>
B2	<i>Getur gefið nákvæmar lýsingar á mörgum viðfangsefnum sem eru innan áhugasviðs viðkomandi.</i>
B1	<i>Getur gefið afdráttarlausar lýsingar á mörgum vel kunnugum atriðum innan síns áhugasviðs. Getur nokkuð reiprennandi flutt afdráttarlausar sögu eða lýsandi frásögn þar sem atriði eru sett fram í eðlilegri röð. Getur sagt nákvæmlega frá reynslu, lýst tilfinningum og viðbrögðum. Getur sagt frá óvæntum atburðum, t.d. slysi. Getur sagt frá söguþræði í bók eða bíómynd og lýst eigin viðbrögðum. Getur sagt frá draumum, vonum og væntingum. Getur sagt frá raunverulegum og úmynduðum atburðum. Getur sagt sögu.</i>
A2	<i>Getur sagt sögu eða lýst einhverju með upptalningu. Getur lýst hversdagslegum hlutum úr eigin umhverfi, t.d. fólki, stöðum, atvinnu og námi. Getur sagt frá atburðum og gjörðum á stuttan og einfaldan hátt. Getur sagt frá áætlunum og skipulagi, hefðum og venjum, liðnum atburðum og eigin reynslu. Getur notað einfalt lýsandi mál til að setja fram fullyrðingu og bera saman hluti og eignir.</i>
A1	<i>Getur sagt hvað viðkomandi finnst um eitthvað. Getur sagt frá sjálfum sér, hvað viðkomandi gerir og hvar hann býr.</i>

	EINTAL: Að færa rök fyrir máli sínu
C2	<i>Engin útlistun tiltæk</i>
C1	<i>Engin útlistun tiltæk</i>
B2	<i>Getur byggt röksemdafærslu upp á kerfisbundinn hátt með því að draga fram aðalatriðin og þau aukaatriði sem styðja þau.</i>
	<i>Getur byggt upp skýra röksemdafærslu, útvíkkað og stutt eigið sjónarhorn í nokkuð löngu máli með aukaatriðum og viðeigandi dæmum. Getur byggt upp röksemdafærslu: Getur útskýrt sjónarhorn á viðfangsefni og útskýrt kosti og galla mismunandi valmöguleika.</i>
B1	<i>Getur byggt röksemdafærslu upp nógu vel til að hægt sé að fylgja henni mest allan tímann.</i>
	<i>Getur í stuttu máli rökstutt og útskýrt álit, áætlanir og gjörðir.</i>
A2	<i>Engin útlistun tiltæk</i>
A1	<i>Engin útlistun tiltæk</i>

Skilningur

	SKILNINGUR ÚR SAL
C2	<i>Getur skilið sérhæfða fyrirlestra og kynningar þar sem notuð eru flókin orðatiltæki, svæðisbundið mál og óþekkt fræðiheiti.</i>
C1	<i>Getur nokkuð auðveldlega skilið flesta fyrirlestra, umræður og rökræður.</i>
B2	<i>Getur skilið aðalatriðin í fyrirlestrum, erindum, greinargerðum og öðrum tegundum fræðilegra/faglegra kynninga sem eru flókin hvað varðar uppbyggingu og málnotkun.</i>
B1	<i>Getur skilið fyrirlestra eða erindi innan síns sviðs, ef viðkomandi þekkir til viðfangsefnisins og kynningin er einföld og vel uppbyggð.</i>
	<i>Getur skilið í aðalatriðum einföld og stutt erindi um kunnugleg málefni svo fremi að erindið sé flutt á skýru og hefðbundnu táknmáli.</i>
A2	<i>Engin útlistun tiltæk</i>
A1	<i>Engin útlistun tiltæk</i>

	SKILNINGUR Á SJÓNRAENUM MIÐLUM
C2	<i>Eins og C1</i>
C1	<i>Getur skilið upptökur og útsent efni á mjög mörgum sviðum, þar á meðal þar sem notað er óhefðbundið tákniál, og áttað sig á smáatriðum eins og t.d. þar sem afstaða er gefin í skyn og hvernig samband er milli tákna.</i>
B2	<i>Getur skilið þau myndbönd á hefðbundnu tákniáli sem gætu verið notuð við bæði félagslegar, faglegar og fræðilegar aðstaður, skilið sjónarmið og afstöðu táknaans auk innihaldsins í heild.</i>
	<i>Getur skilið flesta heimildaðætti og annað upptekið efni sem sýnt er, ef það er flutt á hefðbundnu tákniáli. Getur áttað sig á hugarástandi táknaans, tónfalli, blæbrigðum hans o.þ.h.</i>
B1	<i>Getur skilið þær upplýsingar sem eru settar fram um viðfangsefni innan áhugasviðs viðkomandi í meirihluta myndefnis (upptökum eða útsendingum), ef það er flutt á skýru, hefðbundnu tákniáli (eða svæðisbundnu).</i>
	<i>Getur skilið aðalatriðin í fréttatilkynningum og annað tiltölulega einfalt upptekið efni um kunnugleg viðfangsefni, ef efnið er flutt nokkuð skýrt og rólega.</i>
A2	<i>Getur skilið og dregið út aðalatriðin úr stuttum myndbrotum sem fjalla um fyrirsjánleg hversdagsleg viðfangsefni, ef efnið er flutt skýrt og rólega.</i>
A1	<i>Engin útlistun tiltæk</i>

	AÐ ÁTTA SIG Á MERKINGU OG ÁLYKTA
C2	<i>Eins og C1</i>
C1	<i>Er fær í að átta sig á viðhorfi, hugarástandi og áformum og sjá fyrir hvað mun gerast næst með því að nota vísbendingar tengdar samhengi, málfræði og táknaafni.</i>
B2	<i>Getur notað margar leiðir til að skilja, þ.á.m. til að átta sig á aðalatriðunum; fylgist með skilningi með því að styðjast við vísbendingar um samhengi.</i>
B1	<i>Getur, út frá samhengi, áttað sig á áður óþekktum táknum tengdum fag- eða áhugasviði viðkomandi. Getur, út frá samhengi, áætlað merkingu einstakra áður óþekkra tákna og áttað sig á merkingu setninga, svo fremi sem viðfangsefnið sé viðkomandi kunnugt fyrirfram.</i>
A2	<i>Getur notað hugmynd úr stuttum texta eða spjalli um raunveruleg, hversdagsleg málefni til að átta sig á líklegri merkingu áður óþekkra tákna út frá samhengi.</i>
A1	<i>Engin útlistun tiltæk</i>

	HEILDARSKILNINGUR
C2	<i>Skilur vandræðalaust allt tákni, hvort sem er beint eða af upptöku, þótt málfari tákni hratt.</i>
C1	<i>Getur skilið nóg til að fylgja með í löngum textum um huglæg og flókin málefni utan síns eigin sviðs, þó viðkomandi gæti þurft að fá staðfestingu á einstaka atriðum, sérstaklega ef hann þekkir ekki til þess málbrigðis sem notað er. Þekkir til margra málvenjubundinna yrðinga og talsmáta og áttar sig á þegar skipt er um málsnið. Getur fylgt með í textum jafnvel þótt þeir séu ekki mjög vel uppbyggðir og þótt tengingar séu einungis gefnar í skyn en ekki teknar skýrt fram.</i>
B2	<i>Getur skilið algeng málbrigði tákni, beint eða af upptökum, þegar fjallað er um misþekkt viðfangefni úr einka-, félags-, fræðilegu- og atvinnulífi. Einungis mjög trúflandi aðstæður (sjón- eða hljóðrænar), ófullnægjandi uppbygging samskiptanna og/eða málvenjubundin atriði hafa áhrif á skilninginn.</i>
	<i>Getur skilið aðal hugmyndirnar í staðhæfingum og málfræðilega flóknum textum sem fluttir eru á hefðbundnu tákni, um bæði hlutlæg og hugræn málefni, þar á meðal tæknilegar umræður um viðfangefni innan sérsviðs viðkomandi. Getur skilið langa texta og flóknar rökræður, svo fremi að umræðuefnið sé viðkomandi nokkuð kunnugt og að nokkuð ljóst sé af skýrum merkjum hvert umræðan stefnir.</i>
B1	<i>Getur skilið einfaldar upplýsingar sem eru byggðar á staðreyndum um hversdagsleg eða vinnutengd málefni og greint þar bæði aðalefnið og nákvæmari smáatriði, svo fremi að táknað sé skýrt og á hefðbundinn hátt.</i>
	<i>Getur skilið aðalatriðin í skýru hefðbundnu tákni þegar rætt er um vel þekkt viðfangsefni sem koma reglulega upp í vinnu, skóla, tómstundum o.s.frv., þar á meðal stuttar frásagnir.</i>
A2	<i>Getur skilið nóg til að fullnægja þörfum við raunverulegar aðstæður, svo fremi að táknað sé rólega og skýrt.</i>
	<i>Getur skilið setningar og yrðingar um málefni sem tengjast viðkomandi einna mest (t.d. grunnupplýsingar um einkamál og fjölskyldu, verðslanir, vinnu og nærumhverfi) svo fremi að frásögnin sé róleg og skýr.</i>
A1	<i>Getur skilið mjög rólega og skýra frásögn, með löngum málhvöldum, þar sem viðkomandi gefst tími til að átta sig á merkingunni.</i>

	SKILNINGUR Á SAMRÆÐUM MILLI MÓÐURMÁLSHAFA
C2	<i>Eins og C1.</i>
C1	<i>Getur auðveldlega fylgst með flóknum hópsamræðum og -rökræðum, jafnvel þótt um huglæg, flókin og framandi málefni sé um að ræða.</i>
	<i>Getur skilið líflegar samræður milli móðurmálshafa.</i>
B2	<i>Getur með nokkurri fyrirhöfn skilið mikið að því sem er táknað í kringum sig, en getur átt erfitt með að taka þátt í umræðum með mörgum móðurmálshöfum ef þeir aðlaga ekki mál sitt á nokkurn hátt.</i>
B1	<i>Getur oftast skilið aðalatriðin í löngum umræðum í kringum sig, svo fremi að notað sé skýrt og hefðbundið táknmál.</i>
A2	<i>Getur oftast áttað sig á umræðum í kringum sig ef táknað er skýrt og rólega.</i>
A1	<i>Engin útlistun tiltæk</i>

	AÐ HORFA Á TILKYNNINGAR OG FYRIRMÆLI
C2	<i>Eins og C1</i>
C1	<i>Getur dregið út nákvæmar upplýsingar frá lélegu, jafnvel bjöguðu myndbandi (t.d. gamalli VHS-spólu). Getur skilið flóknar tæknilegar upplýsingar, eins og leiðbeiningar og nákvæmar upplýsingar fyrir algengar afurðir og þjónustu.</i>
B2	<i>Getur skilið tilkynningar og skilaboð um hlutlæg og huglæg málefni sem eru flutt á eðlilegum hraða á hefðbundnu (staðbundnu) táknmáli.</i>
B1	<i>Getur skilið einfaldar tæknilegar upplýsingar, eins og leiðbeiningar um hvernig eigi að nota algengan búnað. Getur fylgt nákvæmri leiðsögn.</i>
A2	<i>Getur náð aðalatriðunum í stuttum, skýrum og einföldum skilaboðum og tilkynningum. Getur skilið einfaldar leiðbeiningar um hvernig á að komast frá A til B, fótgangandi eða með almenningssamgöngum.</i>
A1	<i>Getur skilið skilaboð sem sögð eru rólega og af vandvirkni og er beint til viðkomandi og getur fylgt stuttum og einföldum leiðbeiningum.</i>

	AÐ HORFA Á SJÓNVARP OG KVIKMYNDIR
C2	<i>Eins og C1</i>
C1	<i>Getur fylgst með kvikmyndum jafnvel þótt notkun á slangri og málvenjubundinni málnotkun sé töluverð.</i>
B2	<i>Getur skilið mest allt efni í sjónvarpi og á internetinu sem byggt er á fréttum og málefnum líðandi stundar. Getur skilið heimildahætti, viðtöl í beinni útsendingu, spjallhætti, leikrit og meirihluta kvikmynda þar sem hefðbundin mállýska er notuð.</i>
B1	<i>Getur skilið stóran hluta margra þátta, eins og t.d. viðtöl, stutta fyrirlestra og fréttaskýringar, í sjónvarpi og á internetinu ef táknað er tiltölulega skýrt og rólega og umræðuefnið er innan áhugasviðs viðkomandi.</i>
	<i>Getur skilið aðalatriðin í sjónvarpsefni þegar táknað er tiltölulega skýrt og rólega, ef umræðuefnið er kunnuglegt fyrir.</i>
A2	<i>Getur áttað sig á breytingum á umræðuefni í raunverulegum fréttum í sjónvarpi og áttað sig á aðalatriðunum.</i>
A1	<i>Engin útlistun tiltæk</i>

Samskipti

	SAMRÆÐUR
C2	<i>Getur á auðveldan hátt átt í samræðum sem henta aðstæðum í félags- og einkalífi og notað málið án vandkvæða.</i>
C1	<i>Getur notað mál á auðveldan og áhrifaríkan hátt við félagslegar aðstæður, þ.á.m. notað það á tilfinningalegan hátt, til óbeinna tilvitnana og í gríni.</i>
B2	<i>Getur tekið þátt í lengri samræðum um flest almenn málefni sem þátttakendur þekkja til jafnvel þótt sjónræn truflun sé mikil. Getur átt í samskiptum við móðurmálshafa án þess að hann taki eftir einhverjum óviljandi skemmtilegum eða pirrandi villum og þannig að viðmælandinn geti hegðað sér eins og hann væri að spjalla við annan móðurmálshafa. Getur gefið til kynna mismunandi tilfinningar og sagt frá því hversu mikil áhrif atburður/reynsla hefur haft á viðkomandi.</i>
B1	<i>Getur óundirbúið tekið þátt í umræðum um þekkt málefni. Getur skilið skýrt táknmál í beinum hversdagslegum samskiptum, en gæti þurft að biðja um endurtekningu á einstaka táknum eða frösum. Getur haldið uppi samræðum en stundum gæti verið erfitt fyrir viðmælandann að skilja hvað viðkomandi meinar. Getur tjáð og brugðist við tilfinningum eins og undrun, gleði, hryggð, áhuga og áhugaleysi.</i>
A2	<i>Getur náð félagslegri tengingu: heilsað og kvatt, kynnt sig og aðra, þakkað fyrir sig. Getur skilið skýrt hefðbundið táknmál sem beint er til viðkomandi, þar sem fjallað er um þekkt málefni, svo fremi að hann geti beðið um endurtekningu eða umorðun ef þarf. Getur tekið þátt í stuttum samræðum við hefðbundnar aðstæður um áhugamál sín. Getur sagt frá eigin líðan á einfaldan hátt og þakkað fyrir sig.</i>
	<i>Getur tekið þátt í mjög stuttum félagslegum samskiptum, en skilur sjaldnast nóg til að halda samræðum uppi, þótt viðkomandi nái að skilja ef viðmælandinn leggur sig fram um að koma máli sínu til skila. Getur heilsað og kvatt á einfaldan, kurteisan og hversdagslega hátt. Getur bæði gefið og tekið á móti tilboðum, tillögum og afsökunarbeiðnum. Getur sagt hvað viðkomandi líkar og hvað ekki.</i>
A1	<i>Getur kynnt sig og aðra og notað helstu leiðir til að heilsa og kveðja. Getur spurt fólk hvernig því líði og brugðist við fréttum. Getur skilið einfaldar spurningar sem er beint til viðkomandi þar sem spurt er um einfaldar hversdagslegar staðreyndir, ef viðmælandinn reynir af fremsta megni að gera sig vel skiljanlegan með því að tákna skýrt og rólega og endurtaka eftir þörfum.</i>

	ÓFORMLEGAR SAMRÆÐUR (MILLI VINA)
C2	<i>Eins og C1</i>
C1	<i>Getur auðveldlega fylgst með og tekið þátt í flóknum hópsamræðum, jafnvel þótt um huglæg, flókin og framandi málefni sé um að ræða.</i>
B2	<i>Getur fylgst með í líflegum samræðum milli móðurmálshafa. Getur sagt nákvæmlega frá hugmyndum sínum og álit og sett fram og brugðist við flóknum rökum og deilum á sannfærandi hátt.</i>
	<i>Getur tekið virkan þátt í óformlegum samræðum um þekkt málefni, gert athugasemdir, sett skýrt fram sjónarhorn, metið aðrar hugmyndir og sett fram og brugðist við tilgátum. Getur með nokkurri fyrirhöfn skilið mest af því sem rætt er í kringum viðkomandi, en getur átt í erfiðleikum með að leggja orð í belg þegar nokkrir móðurmálshafa ræða sín á milli án þess að aðlaga mál sitt á nokkurn hátt. Getur sett fram og stutt sjónarmið sín í samræðum með því að kom með viðeigandi útskýringar, rök og athugasemdir.</i>
B1	<i>Getur fylgst með því sem táknad er í kringum viðkomandi um almenn málefni svo fremi að þeir sem tákna noti skýrt táknmál og forðist sérhæfða málvenjubundna málnotkun. Getur tjáð skoðanir sínar og álit um huglæg menningarleg málefni eins og kvikmyndir. Getur útskýrt hvers vegna eitthvað er vandamál. Getur gert stuttar athugasemdir við sjónarmið annarra. Getur borið saman mismunandi möguleika, rætt um hvað á að gera, að hverju á að stefna, hvern/hvað á að velja o.s.frv.</i>
	<i>Getur almennt fylgst með aðalatriðunum í óformlegu spjalli við vini, svo fremi að táknad er skýrt og á hefðbundinni mállýsku. Getur sett fram eigin sjónarmið og óskað eftir sjónarmiðum annarra þegar rætt er um málefni sem vekja áhuga viðkomandi. Getur komið eigin sjónarmiðum og viðbrögðum á framfæri þegar verið er að leysa vandamál eða svara hagnýtum spurningum, eins og hvert á að fara, hvað á að gera og þegar verið er að skipuleggja viðburð (t.d. skemmtiferð). Getur kurteislega tjáð skoðun sína, álit, samþykki og ósamþykki.</i>
A2	<i>Getur áttað sig á umræðuefninu í kringum sig þegar táknad er skýrt og rólega. Getur rætt um hvað á að gera um kvöldið eða helgina. Getur komið með hugmyndir og brugðist við þeim. Getur verið sammála eða ósammála öðrum.</i>
	<i>Getur rætt um hversdagsleg, hagnýt málefni á einfaldan hátt, ef spjallað er beint við viðkomandi á skýran og rólegan máta. Getur rætt um hvað á að gera, hvert á að fara og mælt sér mót.</i>
A1	<i>Engin útlistun tiltæk</i>

	AÐ SKIPTAST Á UPPLÝSINGUM
C2	<i>Eins og B2</i>
C1	<i>Eins og B2</i>
B2	<i>Getur skilið og skipst á flóknum upplýsingum og ráðleggingum um allt sem tengist starfssviði viðkomandi.</i>
	<i>Getur komið nákvæmum upplýsingum til skila á áreiðanlegan hátt. Getur gefið skýrar og nákvæmar leiðbeiningar um hvernig á að gera eitthvað. Getur tekið saman upplýsingar og rök úr mörgum heimildum og komið þeim til skila.</i>
B1	<i>Getur af nokkru öryggi skipst á, athugað og staðfest upplýsingar sem byggðar eru á staðreyndum um kunnugleg, hefðbundin og óhefðbundin málefni innan sviðs viðkomandi. Getur útskýrt með nákvæmum leiðbeiningum hvernig á að gera eitthvað. Getur tekið saman og sagt frá álitinu á smásögu, grein, erindi, umræðum, viðtali, eða heimildamynd og svarað spurningum þar að lútandi.</i>
	<i>Getur komist að og komið til skila einföldum upplýsingum byggðum á staðreyndum. Getur beðið um og fylgt nákvæmum leiðbeiningum. Getur aflað sér nákvæmari upplýsinga.</i>
A2	<i>Getur skilið nógu mikið til að geta vandræðalaust átt í einföldum, hefðbundnum samskiptum. Getur tekist á við hversdagslegar, hagnýtar þarfir: fundið og gefið einfaldar upplýsingar sem byggðar eru á staðreyndum. Getur spurt og svarað spurningum um venjur og hefðir. Getur spurt og svarað spurningum um liðna atburði. Getur gefið og fylgt leiðbeiningum og fyrirmælum, t.d. hvernig á að komast eitthvert.</i>
	<i>Getur átt samskipti í einföldum og hefðbundnum verkefnum þar sem skipst er á upplýsingum á einfaldan og beinan hátt. Getur skipst á takmörkuðum upplýsingum um vel þekkt og hefðbundin verk tengd viðfangsefni. Getur spurt og svarað spurningum um hvað viðkomandi gerir í vinnu og tómstundum. Getur beðið um og gefið upplýsingar sem vísa í kort eða teikningu. Getur beðið um og gefið persónulegar upplýsingar.</i>
A1	<i>Getur skilið spurningar og leiðbeiningar sem beint er skýrt og rólega til viðkomandi og getur fylgt stuttum einföldum leiðbeiningum. Getur spurt og svarað einföldum spurningum, komið með og svarað einföldum staðhæfingum um helstu þarfir eða um vel þekkt málefni. Getur spurt og svarað spurningum um sig og aðra, hvar viðkomandi býr, hverja hann þekkir og hvaða hluti hann á. Getur gefið til kynna tíma með því að nota lesgerð tákna sambönd líkt og 3-KLUKKUTÍMAR, FYRIR-2-ÁRUM-SÍÐAN o.s.frv.</i>

	AÐ TAKA OG VEITA VIÐTAL
C2	<i>Getur mjög vel haldið uppi viðtali, byggt upp umræðurnar og haft fulla stjórn á aðstæðum, hvoru megin við borðið sem viðkomandi situr, jafn vel og móðurmálshafi.</i>
C1	<i>Getur tekið fullan þátt í viðtali hvoru megin borðsins sem viðkomandi situr og leikandi útvíkkað og þróað umræðuefnið án nokkurs stuðnings og tekist á við athugasemdir.</i>
B2	<i>Getur tekið árangursríkt og lipurt viðtal, vikið frá undirbúnum spurningum af sjálfsdáðum, fylgt eftir og spurt nánar út í áhugaverð svör.</i>
	<i>Getur tekið frumkvæði í viðtali, útvíkkað og þróað hugmyndir með örlítilli hjálp og hvatningu frá þeim sem viðtalið tekur.</i>
B1	<i>Getur gefið þær hlutlægu upplýsingar sem beðið er um í viðtali/ráðfæringu (t.d. útskýrt einkenni hjá lækni), en þó ekki alveg nákvæmlega. Getur tekið fyrirfram undirbúið viðtal, fylgst með og staðfest upplýsingar, þótt viðkomandi gæti stundum þurft að fá svar endurtekið, ef það var langt eða ef táknað var hratt.</i>
	<i>Getur að hluta til tekið frumkvæðið í viðtali/umræðum (t.d. komið með nýtt umræðuefni) en viðkomandi er mjög háður þeim sem tekur viðtalið. Getur notað fyrirfram útbúnað spurningar til að taka skipulega uppbyggt viðtal og bætt við nokkrum óundirbúnum spurningum til viðbótar.</i>
A2	<i>Getur gert sig skiljanlegan í viðtali og komið til skila hugmyndum og upplýsingum um þekkt málefni, svo fremi sem viðkomandi geti stundum beðið um útskýringar og fái þá aðstoð sem hann þarf til að tjá það sem hann vill.</i>
	<i>Getur í viðtali svarað einföldum spurningum og brugðist við einföldum staðhæfingum.</i>
A1	<i>Getur svarað einföldum beinum spurningum um persónuleg málefni í viðtali, ef táknað er mjög skýrt og rólega á hefðbundnu táknmáli.</i>

	HEILDARFÆRNI Í SAMSKIPTUM
C2	<p>Hefur gott vald á málvenjubundnum yrðingum og ber gott skynbragð á mismunandi merkingar þess sem gefið er í skyn.</p> <p>Getur gefið til kynna nánari og innri merkingu með því að nota, nokkuð nákvæmlega, margar leiðir til að aðlaga mál sitt.</p> <p>Getur farið til baka í frásögn og endurbyggt mál sitt í kringum vandamál á svo eðlilegan hátt að viðmælandinn tekur varla eftir því.</p>
C1	<p>Getur tjáð sig reiprennandi og af sjálfsdáðum, því sem næst áreynslulaust.</p> <p>Hefur góða stjórn á miklum táknaforða og á auðvelt með að fylla upp í það sem vantar með því að umorða.</p> <p>Varla sést að viðkomandi þurfi að leita að yrðingum né leiða til að komast í kringum vandamál; einungis efni með flókin hugtök getur komið í veg fyrir eðlilegt og gott flæði.</p>
B2	<p>Getur notað málið á reiprennandi, skýran og áhrifaríkan hátt um víðtæk almenn, fræðileg, atvinnu- og tólmstundatengd málefni og sýnt vel fram á tengingu milli mismunandi hugmynda.</p> <p>Getur átt samskipti af sjálfsdáðum, sem eru vel upp byggð málfræðilega án þess að virðast þurfa að sleppa einhverju sem viðkomandi vill segja og um leið aðlagð mál sitt eftir aðstæðum á viðeigandi hátt.</p> <p>Getur átt í nokkuð leikandi samskiptum af sjálfsdáðum, þannig að regluleg samskipti og tengsl við móðurmálshafa eru möguleg án erfðleika fyrir hvorugan aðila.</p> <p>Getur lagt áherslu á persónulega mikilvæga atburði og lífsreynslu, gert skýrt og greinilega grein fyrir viðhorfum með því að nota viðeigandi útskýringar og rök.</p>
B1	<p>Getur af nokkru öryggi haft samskipti um kunnugleg hefðbundin og óhefðbundin málefni sem tengjast áhugamálum viðkomandi og faglegu sviði.</p> <p>Getur skipst á, sannprófað og staðfest upplýsingar, tekist á við frekar óhefðbundnar aðstæður og útskýrt hver vegna eitthvað er vandamál.</p> <p>Getur gert grein fyrir áliti sínu um huglæg, menningartengd efni eins og kvikmyndir, bækur, tónlist o.s.frv.</p> <p>Getur fjallað um margt á einföldu máli til að takast á við flestar aðstæður sem gætu komið upp á ferðalögum.</p> <p>Getur óundirbúið tekið þátt í samtölum um kunnugleg málefni, sagt frá eigin viðhorfum og skipst á upplýsingum um kunnugleg málefni, áhugamál og það sem tengist daglegu lífi (t.d. fjölskyldu, áhugamálum, vinnu, ferðalögum og málefnum líðandi stundar).</p>
A2	<p>Getur átt í nokkuð auðveldum, stuttum samskiptum við skipulagðar aðstæður, svo fremi að viðmælandinn sé tilbúinn til að aðstoða ef þarf.</p> <p>Getur átt í einföldum, hefðbundnum samskiptum án mikilla vandkvæða; getur spurt og svarað spurningum og skipst á hugmyndum og upplýsingum um kunnugleg málefni í fyrirsjáanlegum hversdagslegum aðstæðum.</p> <p>Getur átt samskipti í einföldum og hefðbundnum verkefnum þar sem samskiptin byggjast á einföldum og beinum upplýsingaskiptum um venjuleg og hefðbundin viðfangsefni sem tengjast vinnu og frístundum.</p> <p>Getur tekið þátt í mjög stuttum félagslegum samskiptum en skilur sjaldnast nóg til að geta haldið uppi samræðum að sjálfsdáðum.</p>
A1	<p>Getur átt í einföldum samskiptum, en þau eru algjörlega háð því að viðmælandinn tákni hægt og sé tilbúinn að endurtaka, umorða og leiðrétta.</p> <p>Getur spurt og svarað einföldum spurningum innan ákveðinna sviða og brugðist við einföldum staðhæfingum um kunnugleg málefni eða helstu þarfir.</p>

	VIÐSKIPTI MEÐ VÖRUR OG ÞJÓNUSTU
C2	<i>Eins og B2</i>
C1	<i>Eins og B2</i>
B2	<p><i>Hefur næga málfærni til að leita samninga við lausn vandamála eins og óréttlátum ávítum, fjárhagslegum skuldbindingum vegna skemmda á íbúð, eða álitamáls um ábyrgð í slysi.</i></p> <p><i>Getur sett fram skaðabótamál með því að nota sannfærandi rök til að komast að ásættanlegri niðurstöðu og gefa skýrt til kynna hvaða tilslökun viðkomandi er til í að gefa.</i></p> <p><i>Getur gert grein fyrir vandamáli sem hefur komið upp og útskýrt að sá sem veitir eða þiggur þjónustuna þurfi að hliðra til.</i></p>
B1	<p><i>Getur tekist á við flest samskipti sem koma upp í tengslum við ferðalög, skipulagningu á gistingu eða vandamál sem tengjast ferðalögum erlendis.</i></p> <p><i>Getur tekist á við frekar óhefðbundnar aðstæður í búðum, t.d. að skila gölluðum varningi.</i></p> <p><i>Getur sett fram kvörtun.</i></p> <p><i>Getur tekist á við flestar þær aðstæður sem eru líklegar til að koma upp í skipulagningu ferðalaga og á ferðalögum, t.d. spyrjast fyrir um hvar á að stíga af á ókunnugu svæði.</i></p>
A2	<p><i>Getur tekist á við hversdagslega hluta daglegs lífs eins og ferðalög, húsnæði, matvæli og verslanir.</i></p> <p><i>Getur beðið um og útvegað hversdagslega hluti og þjónustu.</i></p> <p><i>Getur útvegað sér einfaldar upplýsingar um ferðalög og almenningsamgöngur (strætisvagna, lestir og leigubíla), getur beðið um og gefið leiðbeiningar og keypt miða. Getur beðið um hluti og átt í einföldum samskiptum í búðum.</i></p> <p><i>Getur beðið um og gefið upplýsingar um fjölda, tölur, verð, o.s.frv.</i></p> <p><i>Getur staðið í einföldum innkaupum með því að segja hvað vantar og spurt um verðið.</i></p> <p><i>Getur pantað máltíð.</i></p>
A1	<i>Getur beðið um og afhent hluti. Getur tekist á við tölur, fjölda, kostnað og tíma.</i>

	SKILNINGUR Í SAMSKIPTUM VIÐ MÓÐURMÁLSHAFNA
C2	<i>Getur skilið alla móðurmálshafa, jafnvel þegar rætt er um sérhæfð og flókin huglæg málefni utan sviðs viðkomandi, svo fremi að hann fái að aðlaga sig að óhefðbundinni mállýsku.</i>
C1	<i>Skilur nákvæmlega efni og innhald um sérhæfð hlutlæg og huglæg málefni utan sviðs viðkomandi, þótt hann gæti þurft að fá staðfestingu á einstaka atriði, sérstaklega ef hreimurinn/mállýskan er óvenjuleg.</i>
B2	<i>Getur skilið nákvæmlega hefðbundið táknmál sem til viðkomandi er beint, jafnvel þótt sjónræn truflun sé veruleg.</i>
B1	<i>Getur fylgt skýru táknmáli sem er beint til viðkomandi í hversdagslegum samræðum, þó viðkomandi gæti þurft að biðja um endurtekningu á táknum eða táknaamböndum.</i>
A2	<i>Getur skilið nóg til að taka þátt í einföldum, hefðbundnum samskiptum ef viðmælandinn er tilbúinn til að útskýra gerist þess þörf.</i>
	<i>Getur oftast skilið skýrt, hefðbundið táknmál sem beint er að viðkomandi um þekkt málefni, svo fremi að hann geti beðið um endurtekningu eða umorðun ef þarf.</i>
	<i>Getur skilið skýrt og rólegt táknmál sem er beint til viðkomandi í einföldum hversdagslegum samræðum ef viðmælandinn leggur sig fram.</i>
A1	<i>Getur skilið hversdagslegt mál sem snýst um hlutlæg málefni og einfaldar þarfir, ef táknað er beint til viðkomandi á skýru og rólegu táknmáli af viðmælanda sem leggur sig fram við að gera sig skiljanlegan.</i> <i>Getur skilið spurningar og leiðbeiningar sem beint er rólega beint til viðkomandi og fylgt einföldum leiðbeiningum.</i>

Samskiptafærni

	BEÐIÐ UM ÚTSKÝRINGU
C2	<i>Eins og B2</i>
C1	<i>Eins og B2</i>
B2	<i>Getur fylgt eftir með spurningum til að athuga hvort viðkomandi hafi skilið það sem meint var og fengið nánari útskýringu á vafaatriðum.</i>
B1	<i>Getur beðið viðkomandi að útskýra frekar það sem sagt var.</i>
A2	<i>Getur beðið um endurtekningu á einfaldan hátt ef viðkomandi skilur ekki. Getur spurt beðið um útskýringu á lykiltáknum og tákñasamböndum sem viðkomandi skilur ekki með því að nota viðeigandi tákñasambönd.</i>
	<i>Getur sagt að viðkomandi skilji ekki.</i>
A1	<i>Engin útlistun tiltæk</i>

	SAMVINNA
C2	<i>Eins og C1</i>
C1	<i>Er fær í að tengja eigin athugasemdir við umræðuefni viðmælenda.</i>
B2	<i>Getur gagnrýnt og fylgt eftir staðhæfingum og ályktunum og tekið þannig þátt í að þróa samræðurnar. Getur hjálpað við að halda umræðum um óþekkt málefni gangandi, staðfest skilning, boðið öðrum að taka þátt, o.s.frv.</i>
B1	<i>Getur nýtt grunntáknaforða og samskiptaleiðir málsins til að halda samræðum eða umræðum lifandi. Getur tekið saman hvert komið er í samræðum og þannig aðstoðað við að skerpa umræðurnar. Getur endurtekið hluta þess sem viðmælandi sagði til að staðfesta sameiginlegan skilning og taka þátt í að þróa hugmyndir sem upp koma. Getur boðið öðrum að taka þátt í samræðunum.</i>
A2	<i>Getur gefið til kynna að viðkomandi skilur.</i>
A1	<i>Engin útlitun tiltæk</i>

	BEÐIÐ UM ORÐIÐ
C2	<i>Eins og C1</i>
C1	<i>Getur valið sér viðeigandi táknaðsambönd sem þekkt eru í samtalsaðstæðum til að ná orðinu eða til að halda orðinu á meðan viðkomandi hugsar.</i>
B2	<i>Getur blandað sér í samræður á viðeigandi hátt og með viðeigandi orðræðu. Getur stofnað til, viðhaldið og lokið samtali á viðeigandi hátt, þannig að báðir/allir aðilar samtalsins fái færi á að tjá sig. Getur stofnað til samtals, tjáð sig þegar viðeigandi er í samtalinu og lokið því þegar viðkomandi hentar, þó svo það sé ekki alltaf gert á fágáðan hátt. Getur notað hefðbundin táknaðsambönd (t.d. ERFIÐ SPURNING) til að græða tíma og haldið þannig orðinu á meðan viðkomandi hugsar um það sem hann vill segja.</i>
B1	<i>Getur blandað sér í samræður um kunnugleg málefni og notað rétt táknaðsambönd til að fá orðið.</i>
	<i>Getur stofnað til, viðhaldið og lokið samræðum, maður-á-mann, um málefni sem eru viðkomandi kunnugleg eða innan áhugasviðs hans.</i>
A2	<i>Getur notað einfaldar leiðir til að byrja, viðhalda eða ljúka stuttum samræðum.</i>
	<i>Getur stofnað til, viðhaldið og lokið einföldum samræðum, maður-á-mann.</i>
	<i>Getur beðið um athygli.</i>
A1	<i>Engin útlistun tiltæk</i>

Úrvinnsla texta

	ALMENN MÁLVÍSINDALEG EFNI
C2	<i>Getur nýtt sér yfirgripsmikla og stöðuga þekkingu sína á málinu til að segja nákvæmlega það sem viðkomandi hugsar, getur lagt áherslu á, aðgreint og útilokað margræðni. Engin sjáanleg merki þess að viðkomandi þurfi að takmarka sig á nokkurn hátt.</i>
C1	<i>Getur valið rétta framsetningu, vegna víðtækrar þekkingar á málinu, til að tjá sig skýrt, án þess að þurfa að takmarka nokkuð það sem viðkomandi vill segja.</i>
B2	<i>Getur tjáð sig skýrt og án þess að áberandi sé að tjáning viðkomandi sé á nokkurn hátt takmörkuð.</i>
	<i>Hefur næga þekkingu á málinu til að geta gefið nákvæmar lýsingar, sett fram sjónarmið, tekið þátt í rökræðum og notað til þess nokkuð flóknar setningar, án þess að greinilegt sé að viðkomandi þurfi að leita að táknum.</i>
B1	<i>Hefur næga þekkingu á málinu til að lýsa huglægum og menningarlegaum atriðum eins og ljóðum á táknmáli eða bíómyndum.</i>
	<i>Hefur næga þekkingu á málinu og nægan táknaforða til að tjá sig um málefni eins og fjölskyldu, áhugamál, vinnu, ferðalög og almenna viðburði, þótt hik og umorðanir komi fyrir. Takmarkað táknaöfn getur orsakað endurtekningar og jafnvel erfiðleika við skipulega framsetningu.</i>
A2	<i>Hefur næga þekkingu á grunnatriðum málsins til að takast á við hversdagslegar fyrirsjáanlegar aðstæður, þótt viðkomandi þurfi oft og tíðum að aðlaga það sem sagt er og leita að táknum.</i>
	<i>Getur notað stuttar hversdagslegar yrðingar til að uppfylla einfaldar, hlutlægar þarfir: persónulegar upplýsingar, daglegar venjur, óskir og þarfir, upplýsingaöflun.</i>
	<i>Getur notað einföld setningaform og átt samskipti með lærðum frösum, nokkrum táknum í röð og sett fram upplýsingar um sig og aðra, hvað þeir gera, staðir sem tengjast þeim, eignir þeirra o.s.frv. Hefur takmarkaðan forða af stuttum lærðum frösum sem ná yfir fyrirsjáanlegar aðstæður. Við óhefðbundnar aðstæður geta samskiptin rofnað eða misskilningur komið upp.</i>
A1	<i>Hefur undirstöðuþekkingu á einföldum yrðingum um atriði í einkalífinu og almennar hlutlægar þarfir.</i>

	NÁKVÆMNI Í MÁLFRÆÐI
C2	<i>Hefur alltaf góða stjórn á málfræðilegum þáttum í flóknu máli, jafnvel þótt athyglin sé dreifð (t.d. þegar verið er að skipuleggja, fylgjast með viðbrögðum annarra)</i>
C1	<i>Notar málfræðina stöðugt rétt og af mikilli nákvæmni; villur eru sárafáar og vandséðar.</i>
B2	<i>Ræður vel yfir málfræðilegum þáttum; einstaka glappaskot verða, ókerfisbundnir eða smá gallar í setningauppbyggingu geta komið fyrir, en það er sjaldan og er oft hægt að leiðrétta eftir á.</i>
	<i>Ræður nokkuð vel yfir málfræðilegum þáttum. Gerir ekki mistök sem leiða af sér misskilning.</i>
B1	<i>Hefur nokkuð rétt samskipti í þekktum aðstæðum; hefur almennt góða stjórn þótt áhrif frá móðurmálinu séu sýnileg.</i>
	<i>Villur eiga sér stað, en það er skýrt hvað viðkomandi er að reyna að segja.</i>
A2	<i>Notar nokkuð vel þann hefðbundna táknaförða og þær málvenjur sem oft er notaðar við fyrirsjáanlegar aðstæður.</i>
	<i>Notar sumar einfaldar setningagerðir rétt, en gerir reglulega grunnmistök – á t.d. til að ruglast þegar viðkomandi segir frá tíma og gleymir að sýna málfræðilegt samræmi, oftast er þó skýrt hvað hann er að reyna að segja.</i>
A1	<i>Hefur einungis takmarkað vald á nokkrum einföldum málfræðilegum formgerðum og setningasniðum í þeim táknaförða sem viðkomandi hefur lært.</i>

	VALD Á HLJÓÐKERFISFRÆÐI
C2	<i>Eins og C1</i>
C1	<i>Getur breytt um ítónun og notað áherslur í setningum á réttan hátt til að sýna nákvæmari merkingu.</i>
B2	<i>Hefur náð skýrum og eðlilegum framburði og ítónun.</i>
B1	<i>Framburður er auðskilin jafnvel þótt „framandi hreimur“ sé stundum greinilegur og einstaka hnökrar í framburði eigi sér stað.</i>
A2	<i>Framburðurinn er almennt nógu skýr til að viðkomandi skiljist þótt „framandi hreimur“ sé greinilegur, en viðmælandi þarf stundum að biðja um endurtekningar.</i>
A1	<i>Framburður mjög takmarkaðs táknaforða og fárra frasar sem viðkomandi hefur lært skilst með þónokkurri viðleitni móðurmálshafa sem eru vanir að fást við þá sem eru að læra táknmál.</i>

	FÉLAGSMÁLVIÐSINDALEGA VIÐEIGANDI
C2	<p>Hefur gott vald á málvenjum og orðatiltækjum og skilur þá víðtæku merkingu sem getur verið falin í þeim.</p> <p>Skilur að fullu og getur brugðist á réttan hátt við því sem gefið er í skyn bæði hvað varðar félagsleg málvísindi og menningu móðurmálshafa.</p> <p>Getur á áhrifaríkan hátt tengt saman félagsmálvísindalega og menningarlega hegðun þeirra sem nota táknmál og þeirra sem tilheyra eigin málsvæði viðkomandi.</p>
C1	<p>Þekkir vítt svið málvenjubundinna yrðinga og orðatiltækja, áttar sig á breytingu á málsniði. Gæti hins vegar stundum þurft að staðfesta einstaka smáatriði, sérstaklega ef „hreimurinn“ er ekki vel kunnuglegur.</p> <p>Getur skilið myndband þar sem notað er þó nokkuð mikið af slangri og sérhæfðu málsniði.</p> <p>Getur notað málið á sveigjanlegan og áhrifaríkan hátt við félagsleg samskipti, þar á meðal hvað varðar tilfinningar, óbeinar tilvísanir og brandara.</p>
B2	<p>Getur tjáð sig af öryggi, skýrt og kurteislega með formlegu eða óformlegu málsniði sem hentar stað og stund hverju sinni.</p>
	<p>Getur með nokkrum erfiðismunum fylgst með og lagt sitt af mörkum í hópumræðum með móðurmálshöfum jafnvel þótt um hratt óformlegt mál sé að ræða, án þess að vera þeim óvart aðhlátursefni eða skaprauna þeim þannig að þeir þurfi að bregðast við á annan hátt en þeir myndu gera í samræðum við annan móðurmálshafa.</p> <p>Getur tjáð sig á viðeigandi hátt eftir aðstæðum og forðast veruleg mistök við táknmyndun.</p>
B1	<p>Getur tjáð sig og brugðist við innan ýmissa notkunarsviða málsins og notað algengustu atriði þeirra með hlutlausu málsniði.</p> <p>Er meðvitaður um helstu kurteisi og siði og getur fylgt þeim.</p> <p>Er meðvitaður um og leitast við að sjá muninn á hefðum, notkun, viðhorfum, gildum og skoðunum sem ríkjandi eru í samfélaginu sem um ræðir og hjá viðkomandi sjálfum.</p>
A2	<p>Getur tjáð sig og brugðist við innan grunnnotkunarsviða málsins, eins og að skiptast á upplýsingum og beiðnum og setja fram álit og viðhorf á einfaldan hátt.</p> <p>Getur haft félagsleg samskipti á einfaldan en áhrifaríkan hátt með því að nota einfaldar og almennar yrðingar og fylgja grunnhefðum.</p>
	<p>Getur átt í mjög stuttum félagslegum samskiptum, notað hversdagslega, kurteisa frasa til að heilsa og ávarpa.</p> <p>Getur boðið og þegið/afþakkað boð, komið með uppástungur, afsakanir, o.s.frv.</p>
A1	<p>Getur náð félagslegu sambandi með því að nota hversdagsleg kurteis form til að heilsa og kveðja, kynna sig, biðja um eitthvað, þakka fyrir, biðjast afsökunar o.s.frv.</p>

	VALD Á TÁKNAFORÐA
C2	<i>Táknaforðinn er bæði réttur og ófrávíkjanlega notaður á viðeigandi hátt.</i>
C1	<i>Einstaka smámistök koma fyrir, en ekki er hægt að greina neinar stórar villur í táknaforðanum.</i>
B2	<i>Táknasafnsnotkunin er yfirleitt rétt þótt einhver ruglingur og rangt táknaval eigi sér stað án þess að það komi niður á samskiptunum.</i>
B1	<i>Hefur grunntáknaforða vel á valdi sínu en stór mistök koma enn fyrir þegar viðkomandi segir frá flóknum hugmyndum um óþekkt málefni og aðstæður.</i>
A2	<i>Hefur á valdi sínu takmarkaðan táknaforða sem nær yfir hversdagslegar og hlutlægar þarfir.</i>
A1	<i>Engin útlímun tiltæk</i>

	TÁKNAFORÐI
C2	<i>Hefur gott vald á mjög fjölbreyttum táknaforða þar á meðal mismunandi málvenjum og orðatiltækjum. Sýnir að viðkomandi skilur þá víðtæku merkingu sem getur verið falin í þeim.</i>
C1	<i>Hefur gott vald á fjölbreyttum táknaforða (úr frosna og frjóa táknaafninu) og getur auðveldlega fyllt upp í það sem vantar með umorðunum. Viðmælandi tekur lítið sem ekkert eftir að viðkomandi þurfi að leita að táknum eða aðlaga mál sitt. Hefur gott vald á málvenjum og orðatiltækjum.</i>
B2	<i>Hefur góðan táknaforða (úr frosna og frjóa táknaafninu) yfir flest almenn málefni og málefni innan sérsviðs viðkomandi. Getur sett mál fram á mismunandi hátt til að forðast endurtekningar, en ófullnægjandi táknaforði getur enn orsakað hik og umorðanir.</i>
B1	<i>Hefur nægan táknaforða (úr frosna og frjóa táknaafninu) til að geta tjáð sig um flest málefni sem tengjast daglegu lífi viðkomandi, t.d. fjölskyldu, áhugamálum, vinnu, ferðalögum og málefnum líðandi stundar, þótt einhverjar umorðunar sé þörf.</i>
A2	<i>Hefur nægan táknaforða (úr frosna og frjóa táknaafninu) til að fjalla um þekkt málefni og takast á við hefðbundnar aðstæður daglegs lífs.</i>
	<i>Hefur nægan táknaforða (úr frosna táknaafninu) til að geta tekið þátt í einföldum samræðum. Hefur nægan táknaforða (úr frosna táknaafninu) til að takast á við helstu þarfir.</i>
A1	<i>Hefur grunntáknaforða (úr frosna táknaafninu) sem er byggður upp af táknum og frösum sem tengjast sérstökum raunverulegum aðstæðum.</i>

Þekking á málnotkun

	SVEIGJANLEIKI
C2	<i>Sýnir mikinn sveigjanleika til að umorða hugmyndir og breytir um talsmáta til að leggja áherslur á ákveðin atriði, eftir aðstæðum og eftir því við hvern er rætt o.s.frv. og til að komast hjá margræðni.</i>
C1	<i>Eins og B2</i>
B2	<i>Getur aðlagð það sem viðkomandi og viðmælandi segir og tileinkað sér þau formlegheit sem eiga við í hvert sinn.</i>
	<i>Getur aðlagð sig að algengum breytingum á umræðuefni, hætti og áherslum samtals. Getur skipulagt mál sitt eftir því hvað viðkomandi vill segja.</i>
B1	<i>Getur aðlagð tjáningu sína til að hún nýtist við óhefðbundnar, jafnvel erfiðar aðstæður.</i>
	<i>Getur nýtt sér fjölbreytt einfalt mál á sveigjanlegan máta til að segja mest af því sem viðkomandi vill.</i>
A2	<i>Getur aðlagð eftir aðstæðum einfalda, fyrirfram vel æfða frasa með því að setja inn aðrar einingar úr takmörkuðum táknaforða.</i>
	<i>Getur útvíkkað lærða frasa með einfaldri endurröðun eininga þeirra.</i>
A1	<i>Engin útlistun tiltæk</i>

	FRÁSAGNIR
C2	<i>Eins og C1</i>
C1	<i>Getur flutt útarlegar frásagnir og lýsingar, tekið inn aukaatriði og -þræði, útvíkkað sérstaklega ákveðin atriði og tekið saman viðeigandi niðurstöðu í lokin.</i>
B2	<i>Getur byggt upp skýra lýsingu eða frásögn og útvíkkað og stutt aðalatriðin með viðeigandi smáatriðum og dæmum.</i>
B1	<i>Getur nokkuð reiprennandi sagt einfalda sögu eða lýst einhverju í samfelldri frásögn.</i>
A2	<i>Getur sagt sögu eða lýst einhverju með því að telja upp nokkur atriði.</i>
A1	<i>Engin útlistun tiltæk</i>

Uppbygging söguþráðar

	SAMHENGI OG SAMLOÐUN
C2	<i>Getur búið til samhangandi texta þar sem notaðar eru mismunandi og réttar leiðir til uppbyggingar og samloðunar hans.</i>
C1	<i>Getur táknað skýrt og vel uppbyggt mál reiprennandi með sýnilegri færni í mismunandi uppbyggingu, samhengi og samloðun.</i>
B2	<i>Getur tengt saman á mismunandi hátt svo tenging hugmynda verður skýr.</i>
	<i>Getur notað takmarkaðan fjölda samloðunarleiða til að tengja saman í samhangandi og skiljanlega orðræðu, sem þó getur orðið flauturslegt í löngu máli.</i>
B1	<i>Getur tengt saman nokkrar stuttar, stakar og einfaldar einingar í samhangandi línulega frásögn.</i>
A2	<i>Getur notað flestar algengar leiðir til að tengja saman einfaldar setningar og tengja þannig saman atriði í röð og byggja upp sögu eða lýsingu.</i>
	<i>Getur tengt táknahópa með einföldum táknatengingum eins og OG, EN og AF-HVERJU-JÚ auk fingraraðhólfa.</i>
A1	<i>Getur tengt tákn eða táknahópa með línulegum og mjög einföldum tengingum eins og OG eða NÆSTUR.</i>

Eigindlegir þættir

	NÁKVÆMNI FULLYRÐINGA
C2	<i>Getur sýnt innri og duldar merkingar nákvæmlega með því að nota nokkuð örugglega mismunandi leiðir (t.d. stigbreytingu atviksorða og setningahluta sem sýna takmörkun). Getur lagt áherslu á, aðgreint og útilokað margræðni.</i>
C1	<i>Getur skilgreint álit og fullyrðingar nákvæmlega, t.d. með tilliti til áreiðanleika, trúverðugleika og hversu líklegt eitthvað er.</i>
B2	<i>Getur komið nákvæmum upplýsingum áreiðanlega til skila.</i>
B1	<i>Getur útskýrt með nokkurri nákvæmni aðalatriði hugmyndar eða viðfangsefnis.</i>
	<i>Getur komið einföldum upplýsingum um hlutaðeigandi málefni til skila og um leið sýnt hvaða atriði viðkomandi finnst skipta mestu máli. Getur sagt hvaða atriði viðkomandi finnst skipta mestu máli á skiljanlegan hátt.</i>
A2	<i>Getur í einföldum og beinum samskiptum komið til skila því sem viðkomandi vill í tengslum við takmarkaðar upplýsingar um kunnugleg og hefðbundin málefni, en þarf annars að aðlaga og takmarka skilaboðin.</i>
A1	<i>Engin útlistun tiltæk</i>

	FLÆÐI TÁKNUNAR
C2	<i>Getur tjáð sig áreynslulaust í lengri tíma með eðlilegu og óhikandi flæði. Tekur sér málhvöld einungis til að íhuga nákvæmlega rétt tákni til að tjá hugsanir sínar eða til að finna viðeigandi dæmi eða útskýringar.</i>
C1	<i>Getur tjáð sig af sjálfsdáðum reiprennandi, því sem næst áreynslulaust. Einungis flókin hugtök um vandasöm málefni geta komið í veg fyrir gott flæði.</i>
B2	<i>Getur átt í samskiptum af sjálfsdáðum, sýnir oft að viðkomandi á auðvelt með að tjá sig og á reiprennandi hátt, jafnvel á flóknu táknumáli yfir lengri tíma.</i>
	<i>Getur táknað nokkuð lengi á jöfnum hraða. Þrátt fyrir einstaka hik þar sem viðkomandi leitar eftir frösom eða táknum verða sjaldan of langar málhvöldir. Getur af sjálfsdáðum átt í nokkuð liprum samskiptum, þannig að viðkomandi getur auðveldlega átt í samskiptum við móðurmálshafa án nokkurra vandkvæða.</i>
B1	<i>Getur tjáð sig nokkuð auðveldlega. Þrátt fyrir einhver vandamál í skipulagningu framsetningar, sem leiða af sér hik og „blindgötur“, getur viðkomandi haldið nokkuð vel áfram án aðstoðar.</i>
	<i>Getur haldið uppi samhengi þótt hik vegna málfræðilegrar og táknaafns umhugsunar og leiðréttinga séu nokkuð auðséð, sérstaklega þegar viðkomandi táknað frjálst í lengri tíma.</i>
A2	<i>Getur sett fram mál sitt í stuttum yrðingum, jafnvel þótt hik og umorðun sé áberandi og viðkomandi þurfi jafnvel að byrja oftar en einu sinni.</i>
	<i>Getur nokkuð auðveldlega búið til frasa um vel þekkt málefni til stuttra samskipta þrátt fyrir að þurfa að hika þónokkuð og jafnvel byrja oftar en einu sinni.</i>
A1	<i>Getur táknað mjög stuttar, einangraðar og að mestu fyrirfram undirbúnar yrðingar. Hikar ítrekað við leit að táknum, við tjáningu minna þekktra tákna og til að leiðrétta samskipti.</i>

Hugtakaskýringar

Almenn hugtök CEFR

Tvítýngi/tvítýngi með ólíkum miðlunarleiðum; margtýngi/fjöltyngi	<p>Tvítýngi: Sá hæfileiki einstaklings eða samfélags til að hafa samskipti á öllum hæfnissviðum, á tveimur tungumálum.</p> <p>Tvítýngi með ólíkum miðlunarleiðum er hægt að skilgreina sem tvítýngi á einu raddmáli og einu táknmáli, með vísan til ólíkrar miðlunar þeirra.</p> <p>Margtýngi: Tilvist tveggja eða fleiri mála í samfélagi eða þjóðfélagi.</p> <p>Fjöltyngi: Hæfileiki einstaklings til að eiga samskipti á öllum hæfnissviðum, á tveimur eða fleirum tungumálum.</p>
Framburður og hreimur	<p>Framburður vísar til þess hvernig orð/tákn eða mál er talað, eða á hvaða hátt einhver segir tiltekin orð/tákn. Ef einhver er sagður hafa „réttan framburð“ þá er átt við bæði þessi atriði innan viðkomandi mállýsku. Einstaklingar og hópar geta sagt orð/tákn á marga vegu. Margt getur haft áhrif á framburð, þ.á.m.: hvar viðkomandi ólst upp, hvar hann býr núna, ef hann er haldinn einhverjum kvilla sem hefur áhrif á hvernig hann talar/táknar, hvert þjóðerni hans er, hvaða menningarhópi hann tilheyrir, hver félagsleg staða eða menntun hans er.</p> <p>Framburð er hægt að skilgreina út frá því hvernig einhver ber fram (með höndum eða rödd) tákn/orð; þ.e. hvernig segðin er á radd- eða táknmáli. Við getum einnig nefnt að hugtakið framburður er líka notað yfir hvernig orð/tákn er yfirleitt borið fram (táknað eða talað). Orðið ‘táknmyndun’ er oft notað þegar verið er að tala um ‘framburð’ á táknmáli.</p> <p>Hreimur vísar til sérstaks framburðar orð/tákns (t.d. vegna þess að einhver hefur svæðisbundinn eða útlendan hreim sem hægt er að segja að sé „frábrugðinn“ staðbundnum framburði).</p>

<p>Málfimi (hagnýt samskiptafærni)</p>	<p>Í CEFR er málfimi skilgreind sem hæfnin til að tjá sig á máli áreynslulaust og af leikni, þannig að viðeigandi getur átt samskipti við mismunandi aðstæður með eðlilegu og mjúku flæði. Málfimi er oft notað þegar vísað er til hæfileika einstaklings til að tala eða tákna af mælsku og leikni.</p>
<p>Orðatiltæki/málvenjubundin orðatiltæki/málvenjubundin in tákni/myndlíkingar</p>	<p>Orðatiltæki eru ákveðnar segðir í málum þar sem merking segðarinnar kemur ekki fram í einstökum orðum/táknum hennar. Ef einhver segir á ensku „out of the blue“ (út úr blámanum) þýðir það að eitthvað gerist óvænt. Á austurríska táknmálinu (ÖGS) þýðir „GÖMUL SÚPA“ að eitthvað sé úrelt eða að vandamálið sé nú þegar vel þekkt.</p> <p>Myndlíking vísar til þess þegar hlutur kemur í staðinn fyrir eitthvað eða vísar til einhvers. Ef einhver er „tiger“ á ensku (tígrisdýr) er viðkomandi mjög sterkur. Ef táknað er á ÖGS „EGG BRJÓTA“ þýðir það að ekki er hægt að fara til baka (þ.e. ekki er hægt að breyta niðurstöðu atburðar).</p>
<p>Málvenjubundin málnotkun (colloquialism)</p>	<p>Málvenjubundin málnotkun vísar til óformlegra segða sem eru líklegri til að vera notaðar við hversdagslegar aðstæður frekar en formlegar. T.d. ef einhver er sagður „hafa misst það“ þá er viðkomandi orðinn geðveikur.</p>
<p>Málnotkunarfræði</p>	<p>Málnotkunarfræði vísar til þess hvernig aðstæðurnar sem málið er notað við hafa áhrif á það. Þegar sá sem talar/táknar hefur málnotkunarfræði veit viðkomandi hvernig á að nota málið til að fá hluti eða framkvæma; hann veit að hægt er að tjá hugmyndir með orðum/táknum sem geta haft margræða merkingu. Samhengi hefur áhrif á mál við allar aðstæður. T.d. hefur það áhrif á hvernig texti er skrifaður eða fluttur við ákveðnar aðstæður. Samhengi hefur líka áhrif á samskipti þar sem samtali á sér stað, samhengið hefur áhrif á hvernig mál sá sem talar/táknar ákveður að nota. Hvernig sá sem talar/táknar gerir sér hugmynd um samhengi hefur áhrif á hvað viðkomandi segir/táknar, aðstæðurnar vísa þar til vegar. Þetta leiðir af sér viðeigandi samskipti, þar sem aðstæðnabundið samhengi ræður för.</p>

<p>Félagsleg málfærni</p>	<p>Félagsleg málfærni vísar til þekkingar og notkunar á þeim atriðum sem snerta félagslegrar hliðar málsins. Félagsleg málfærni er sá hæfileiki að geta túlkað félagslega merkingu mismunandi málbrigða, val á máli og málvíxl þess sem talar/táknar við tilteknar aðstæður til þess að geta tekið þátt í fjölbreyttum samfélagslegum aðstæðum. Félagsleg málfærni nær einnig yfir þá félagslegu menningarfærni sem gerir meðlimum samfélags kleift að taka þátt í mismunandi athöfnum þar sem mismunandi tungumála- og menningarþekkingar er krafist.</p>
<p>Fullyrðingar/nákvæmni setninga</p>	<p>Fullyrðingum í setningum má lýsa sem orðmynd yfir aðstæður eða grunnmerkingu setningarinnar. Þar með er tilvísun í gerendur, þolendur og gjörðir og tengingu milli þeirra hugtaka sem táknað/talað er um. Fullyrðingar geta t.d. verið (enn þó ekki eingöngu) staðhæfingar, spurningar og skipanir (boðháttarsetningar).</p> <p>Dæmi: <i>Konan bjó til súpuna. (staðhæfing)</i> <i>Bjó konan til súpuna? (spurning)</i> <i>Konan verður að búa til súpuna núna! (skipun)</i></p> <p>Þótt þessar setningar hafi ólík markmið (staðhæfing, spurning og skipun) innihalda þær allar sama fullyrðingarþáttinn, geranda (konan), gjörð (að búa til) og þolanda (súpan). Í táknmálum felur fullyrðing í sér tákni og látbrigði sem tengjast á sérstakan hátt, allt eftir því hvers konar fullyrðing er sett fram.</p> <p>Í CEFR er nákvæmni fullyrðinga skilgreind sem hæfileikinn til að koma hugsun sínum og fullyrðingum fram þannig að auðskilið hvað við er átt.</p>
<p>Samloðun og samhengi</p>	<p>Samloðun er það að nota málvísindalegar aðferðir til að byggja upp tengingar milli setninga og málsgreina. Samhengi felst í því hvernig viðmælandi skynjar textann eins og hann er settur fram. Samloðun og samhengi er ekki hægt að aðskilja að fullu. Þessi hugtök vinna saman til að tryggja að táknað/sá sem talar/sá sem skrifar nái að setja fram samhangandi texta sem viðmælandi/lesandi skilur.</p>

<p>Tegund og gerð texta</p>	<p>Hugtakið textategundir vísar til allra þeirra tegunda og flokka texta sem við setjum fram. Þar undir fellur röksemdatexti (þ.e. þar sem sett eru fram bæði sjónarhorn í deilu), upplýsingatexti (útskýrt hvað hefur gerst), lýsandi texti (gefnar eru upplýsingar um ferli, oft í réttri tímaröð) og frásagnir (saga er sett fram með upplýsingum um persónur, stað og tíma).</p>
<p>Bendivísun og endurvísun</p>	<p>Bendivísun vísar til þess hvernig við kynnum vísimið í samtali út frá núverandi stað og stund. Ef við táknum t.d. með því að nota próform (formynd), getur það bæði verið bendivísun og endurvísun.</p> <p>Ef táknað er t.d. það sem hér fer á eftir, getur viðmælandi séð atburðarásina sem bendivísun (þ.e. upplýsingarnar eru settar fram út frá sjónarmiði táknaða).</p> <p>Dæmi: <i>PF-FÓTLEGGIR (farið fram á við í táknrýminu)</i> <i>TRÉ (staðsett hægra megin í táknrýminu)</i> <i>óvirk hönd bendir á TRÉ</i> <i>PF-BÍLL (staðsettur í miðju táknrýminu)</i></p> <p>Endurvísun er þegar vísað er aftur í vísimið sem áður hafði verið kynnt. Ef við höfum til dæmis áður minnst á MAÐUR í táknmálsfrásögn getum við vísað aftur á hann í táknrýminu með því að benda. Á þennan hátt vitum við að vísað er til sama mannsins.</p> <p>Við getum bendivísað og endurvísað með höndum (bendingu), með breytingu á augnatilliti eða staðsetningu höfuðs.</p>

<p>Málanemi (stundum er notað hugtakið annarsmálsnemi (L2))</p>	<p>Einstaklingur sem langar til að læra mál sem er ekki móðurmál hans.</p> <p>Fyrsta mál/móðurmál (L1) Það mál sem viðkomandi lærir og talar/táknar fyrst.</p> <p>Annað mál (L2) Það mál sem viðkomandi lærir og talar/táknar á eftir fyrsta máli/móðurmáli.</p>
<p>Sjálfstæði nemans</p>	<p>Hæfileikinn að taka nám í eigin hendur. Þar á meðal er hæfnin að geta verið hlutlaus og gagnrýninn, geta tekið sjálfstæðar ákvarðanir og stundað sjálfstæð vinnubrögð. Sjálfstæðir nemar taka ábyrgð á eigin námi. Þeir velja og setja sér markmið, taka upplýstar ákvarðanir um hverju þeir vilja keppa að allt eftir áhuga og hæfni, sem þeir geta sjálfir metið.</p>

Hugtök sem tengjast mati

Námsmat	<p>(1)</p> <p>Safnar, mælir og notar upplýsingar til að meta árangur einstaklinga og/eða stofnana. Námsmat er hluti af heildarmati.</p> <p><u>Mat á árangri</u>: metur árangur nemenda með tilliti til markmiða sem sett eru á ákveðnu námskeiði og námskrá þess.</p> <p><u>Mat á færni</u>: metur árangur nemenda með tilliti til almennra viðmiðunarstiga og hæfni.</p> <p>Miðstöð evrópskra nútímamála (ECML) áréttar leikni, færni og hæfni yfirleitt metna yfir tímabil, sem gefur skýra mynd af framförum nemandans.</p> <p>(2)</p> <p>Greint er á milli leiðsagnarmats og lokamats.</p> <p>Við <i>leiðsagnarmat</i> er nám nemandans (viðhorf, færni, venjur og þekking) greint yfir lengri tíma og sú greining notuð til að bæta námsárangur og kennslu. Styrkur þessa mats fellst í því að kennarar ná að meta nemanda yfir lengri tíma og aðlaga kennsluáðferðir sínar til að styðja sem best við nám hans með það að markmiði að hjálpa nemandanum að ná settum markmiðum.</p> <p><i>Lokamat</i> er byggt upp á athugunum á einstaka atriðum í námi nemandans, t.d. við kaflaskil eða í lok skólaárs. Einn af mögulegum göllum á þessari aðferð er að ómögulegt er að meta árangur af kennsluáðferð og námi yfir lengri tíma.</p> <p>(3)</p> <p>Námsmat</p> <p>Mæling á frammistöðu nemandans á námskeiði miðað við þann tilgang og þau markmið sem námskeiðið hefur.</p>
----------------	---

<p>Lögmæti</p>	<p>Próf er gilt ef það mælir það sem því er ætlað að mæla. Ef við viljum t.d. mæla samskiptafærni ákveðins hóps á ítölsku mætti ætla að niðurstöður innan hópsins væru mismunandi allt eftir færni þeirra í málinu, þ.e. við myndum búast við að sumir fengju háa einkunn en aðrir lægri.</p> <p>Við getum einnig talað um lögmæti þess hvernig próf eru notuð. Hér er átt við að lögmæti tengist því hvernig rök og kenningar styðja við það hvernig próf er metið samkvæmt þeim viðmiðum sem prófinu er ætlað að mæla.</p> <p>Próf er sagt vera nægilega gilt ef atriðin eða verkefni sem það inniheldur eru dæmigerð fyrir þau atriði og verkefni, námsefni og færni sem á að prófa.</p>
<p>Áreiðanleiki</p>	<p>Áreiðanleiki prófa þýðir samræmi. Próf sem gefur áreiðanlega niðurstöðu gefur sömu eða svipaða niðurstöðu ef það er notað aftur. Við viljum taka fram að mikill áreiðanleiki þarf ekki endilega að þýða að prófið sé gott eða að niðurstöðurnar séu gildar. Áreiðanleg niðurstaða getur fengist úr lélegu prófi.</p> <p>Áreiðanleiki milli matsaðila</p> <p>Það hversu sammála mismunandi matsaðilar eru í mati sínu á frammistöðu einhvers.</p> <p>Áreiðanleiki hvers matsaðila</p> <p>Það hversu líkt matsaðili metur sömu frammistöðu við mismunandi tilfelli.</p>
<p>Framkvæmanleiki</p>	<p>Framkvæmd matsins þarf að vera raunhæf til að vera <i>framkvæmanleg</i>. Framkvæmanleiki er sérstaklega mikilvægur þegar kemur að prófum þar sem frammistaða er mæld. Matsaðilar vinna undir tímapressu, þeir sjá einungis hluta af hverjum flutningi. Notendur viðmiðunarrámmans (CEFR) þurfa að velja úr og jafnvel fella saman flokka sem eru aðskildir í rammanum.</p>

Hugtök sem tengjast táknmálum sérstaklega

<p>Táknmál (tjáningarrými, táknrými, endurspeglun)</p>	<p>Ólíkt línulegum raddmálum eru táknmál sjónræn mál. Þetta sést á margan hátt, eins og t.d. í notkun endurspeglandi tákna og í notkun táknrýmis. Endurspeglun útskýrir hið nána samband sem er á milli forms og merkingar (t.d. DREKKA - hægt er að drekka úr bolla, úr gosbrunni, af krana, o.s.frv.).</p> <p>Táknrými er rýmið í kringum tákna sem almennt er notað til að mynda tákn jafnvel þótt verið sé að ræða um atburði sem gerðust í fortíðinni.</p>
<p>Hljóðkerfisfræðilegar breytur táknmála (sjá einnig Látbrigði)</p>	<p>Hvert tákn er mótað bæði með höndum og látbrigðum. Þann hluta sem er myndaður með höndum er hægt að ræða um í fjórum breytum: handform, hreyfing, myndunarstaður og afstaða. Ef hugsað er til dæmis um táknið SJÁ. Þar er sýnt að hægt er að nota V-handform þar sem lófinn snýr að táknaum, færa það út og örlítið niður frá andliti tákna í áttina að því sem horft er á eða að staðnum, sem þessi hlutur sem táknaurinn er að segja að hann hafi (áður) séð, tengist.</p>
<p>Látbrigði</p>	<p>Látbrigði eru þeir hlutar táknsins sem eru ekki tjáðir með höndum. Það eru hreyfingar augna og augnabrána (t.d. að lyfta augnabránum eða hnykla þær eða píra augun), svipbrigði (t.d. opinn/lokaður munnur eða stútur á munn) og hreyfing annarra líkamshluta (t.d. tilfærsla á öxlum og/eða höfði fram eða til baka). Þessar einingar eru oft notaðar samtímis, táknaurinn hallar sér t.d. fram, með upplyftar augnabrána, galopin augu og munninn örlítið opinn.</p> <p>Almennt er einnig hægt að greina á milli tveggja tegunda munnhreyfinga í táknmálum: (i) raddmálmunnhreyfingar og (ii) táknmálmunnhreyfingar.</p> <p>Þótt táknmál séu ekki háð raddmálum sem töluð eru á sama landsvæði þá verða þau oft fyrir áhrifum af þeim. Til dæmis getur táknið HUGSA verið með munnhreyfingu orðsins 'hugsa', sem er þá fengin að láni úr íslensku.</p> <p>Táknaur geta líka notað táknmálmunnhreyfingar en þær koma ekki úr raddmálum.</p>
<p>Bein ræða/ hlutverkaskipti/ sjónarhorn</p>	<p>Bein ræða og hlutverkaskipti er hægt að segja að sé gagnvirk félagsmálvísindaleg skilgreining á því að fara í hlutverk einhvers þegar talað er táknmál. Í stuttu máli, hugtökin vísa til þess „hvernig táknaur nota líkama sinn, höfuð og augnatillit til að segja frá gjörðum, hugsunum, orðum og segðum persóna í samtali“ (Metzger 1995:256). Bein ræða og hlutverkaskipti er notað þegar sagðar eru sögur, en einnig við aðrar tegundir texta.</p>

PROSIGN

www.ecml.at

Miðstöð evrópskra nútímamála (European Centre for Modern Languages) er stofnun á vegum Evrópuráðsins sem stuðlar að betri kennslu á málum í aðildarlöndum ráðsins.

ICE

www.coe.int

Evrópuráðið er aðalsamtökin á sviði mannréttindamála í heimsálfunni. Aðildarríkin eru 47, þar á meðal 28 af aðildarríkjum Evrópusambandsins.

Öll aðildarríki Evrópuráðsins hafa fullgilt Mannréttindasáttmála Evrópu, en þeim sáttmála er ætlað að standa vörð um mannréttindi, lýðræði og réttarríki. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur umsjá með útfærslu sáttmálans innan aðildarríkjanna.

